

28. Ársþing KAÍ, 28. febrúar 2015

**EFNISYFIRLIT**

Stjórn KAÍ 2014 - 2015:.....	2
SKÝRSLA STJÓRNAR .....	3
Frá formanni.....	3
Tveir keppendur á Evrópumót undir 21 árs .....	4
27. Karateþing .....	5
Kristján Helgi með Gull í Malmö .....	5
Eitt silfur og fimm brons á NM.....	7
Pétur Freyr Nordic Kumite Referee .....	8
Evrópumeistaramótið í karate .....	9
Kumite æfingabúðir með Wayne Otto .....	10
Smáþjóðamót í karate.....	10
Telma og Jóhannes á heimsbikarmóti í karate .....	12
Fjórir keppendur á Heimsmeistaramótinu.....	13
Kristján Helgi og Telma Rut Karatefólk ársins 2014.....	15
NEFNDIR.....	17
Aganefnd .....	17
Dómaranefnd .....	17
Landsliðsnefnd .....	17
Mótanefnd .....	17
Landsliðsþjálfarar.....	17
MÓT Á ÁRINU 2014 .....	18
Reykjavík International Games - Karate 2014 .....	18
Íslandsmeistaramót unglunga í kata .....	21
Íslandsmeistara barna í kata. ....	24
Íslandsmeistaramótið fullorðinna í kata .....	25
Bikarmeistarar 2014 .....	27
GrandPrix meistarar 2014 .....	29
Bikarmót 1. 2014 – 2015.....	30
Bushidomót 1. 2014 - 2015 .....	31
Íslandsmeistaramót unglunga í kumite.....	33
Íslandsmótið í kumite fullorðinna .....	35
KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI. ....	38
LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS. ....	40
REGLUGERÐIR.....	43
REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.....	43
REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI.....	48
REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.....	48
REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.....	49
REGLUR UM KARATEDÓMARA. ....	50
REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	51
REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.....	52
VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ.....	52
REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2014 .....	54
Skýringar við rekstrarreikning .....	54
EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2014 .....	56

## Stjórn KAÍ 2014 - 2015:

Reinharð Reinharðsson	formaður
Helgi Jóhannesson	vara-formaður
Guðni Már Egilsson	Meðstjórnandi
Indriði Jónsson	Meðstjórnandi
Halldór Pálsson	Meðstjórnandi
Anna Olsen	varamaður
Gunnlaugur Sigurðsson	varamaður
Ólafur Helgi Hreinsson	varamaður

## SKÝRSLA STJÓRNAR

### *Frá formanni.*

Árið 2014 var gott ár fyrir karateíþróttina á Íslandi. Karatesambandið tók þátt í Reykjavíkurlaikunum í annað sinn í janúar 2014. Þrír erlendir keppendur komu til landsins í boði KAÍ og fengu eldri keppendur okkar því verðuga keppni. Er þar fyrsta skrefinu náð í að gera mótið að virku móti fyrir innlenda keppendur þar sem stefnt er að því að fá jafngóða eða betri erlenda keppendur til landsins. Þriðja mótið var haldið nú í janúar og fengum við 6 erlenda keppendur að þessu sinni. Mótið er því komið til að vera, og verður hluti af mótadagskrá KAÍ næstu árin.

Fyrsta smáþjóðamótið í karate var haldið á árinu en Luxemburg bauðst til að halda það og gerði það með sóma. 7 af smáþjóðum Evrópu tóku þátt að þessu sinni og er stefnt að því að gera mótið að árvissum viðburði. Forseti Alþjóða karaetsambandsins var viðstaddur mótið og kom á fyrsta formannafundinn. Forseti karatesambands Kýpur var valinn sem formaður í undirbúningsnefnd mótsins og stefnir hann hátt með það, en reyna á að fá Svartfjallaland til að koma karate að á Smáþjóðaleikunum árið 2019. Er vonandi að mótið verði árlega eins og stefnt er að en þar eigum við góða möguleika á verðlaunum.

Norðurlandameistaramótið í karate verður haldið 11. apríl næstkomandi í Reykjavík. Eigum við von a yfir 250 keppendum og 50 dómurum og forsvarsmönnum norrænu karatesambandanna til landsins. Einnig hefur forseti Alþjóða karatesambandsins boðað koma sína á mótið og mun hann funda með formönnum norrænu sambandanna. Væntum við mikils og góðs stuðnings frá honum á komandi árum. Hann hefur verið ötull talsmaður þess að koma karate inn á Ólympíuleikanna og er enn stefnt á að fá karate samþykkt sem keppnisgrein árið 2020 á leikunum í Tokió.

Alex Biamonte og Wayne Otto, margfaldir heims- og evrópumeistarar kom til landsins og héldu æfingabúðir með landsliðinu í kumte. Voru þær báðar vel sóttar og þóttu takast vel. Hefur okkur tekist að gera þá að "Íslandsvinum" en Alex Biamonte er einmitt á landinu þessa helgi með æfingabúðir fyrir landsliðsfólkið sem mun keppa á Norðurlandameistaramótinu í apríl..

Starfsemi sambandsins væri ekki svipur hjá sjón ef ekki kæmi til ötullt og óeigingjarnt sjálfboðastarf á öllum sviðum þess. Eru ómældar stundirnar sem sjálfboðaliðar gefa til sambandsins svo hægt sér að halda mót og senda landsliðin erlendis til keppni.

Vil ég því að lokum þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum auk allra sjálfboðaliðanna fyrir störf þeirra á síðasta ári og vona að hreyfingin fá notið krafta þeirra áfram.

Reinharð Reinharðsson  
Formaður KAÍ

## **Tveir keppendur á Evrópumót undir 21 árs**

Á föstudaginn, 7.febrúar, byrjar Evrópumeistaramót unglunga og undir 21árs í karate, en mótið fer fram í Lisbon Portúgal, mótið stendur yfir 7-9.febrúar. Ísland sendir tvo keppendur á mótið sem bæði keppa í undir 21árs flokkum, þau eru Kristján Helgi Carrasco, Víking, og Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik. Svana Katla byrjar keppni strax á föstudaginn en hún keppir í kata, Kristján Helgi mun hins vegar keppa á sunnudaginn í kumite. Þetta er fyrsta undir 21árs Evrópumótið hjá þeim báðum.



Svana Katla og Kristján Helgi.

Á fyrsta keppnisdegi Evrópumeistaramótsins í karate undir 21árs sem fer fór í Lisbon Portúgal, keppti Svana Katla Þorsteinsdóttir í kata. Svana sat hjá í fyrstu umferð en í annari umferð mætti hún Marie Hervas frá Frakklandi, en Marie hafði áður lagt Miu Karlsson, Svíþjóð, að velli. Eftir góða kata hjá Svönu mátu dómamar Marie betri og þar með tapaði Svana þeirri viðureign. Marie mætti stúlku frá Makedóníu í þriðju umferð en beið lægri hlut og þar með ljóst að möguleikar Svönu á uppreisn og rétt til að keppa um 3ja sætið var farið.

Sunnudaginn 9.febrúar, á þriðja keppnisdegi Evrópumeistaramótsins í karate undir 21árs sem fer fram í Lisbon Portúgal, keppti Kristján Helgi Carrasco í kumite -78kg. Kristján Helgi mætti Denis Denisenko frá Rússlandi í fyrstu viðureign sinni, sem var mjög jöfn. En undir lokin náði Denis höggi á kristján og skoraði með því stig, viðureignin endaði því 1-0 fyrir Denis. Denis mætti í næstu umferð frakkanum Julien Caffaro sem á endanum vann viðureignina og þar með var ljóst að möguleikar Kristjáns á uppreisn og rétt til að keppa um 3ja sætið var farið.

## 27. Karateþing

27. Karateþing var haldið laugardaginn 22. febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Fjöldi fulltrúa frá karatefélögum tók þátt í þingstörfum. Ingi Þór Ágústsson, í framkvæmdasjórn ÍSÍ, var fulltrúi ÍSÍ á þinginu.

Nokkrar tillögur lágu fyrir þinginu, td. um breytingar á mótahaldi næsta vetur, skiptingu á flokkum á íslandsmótum og um gjaldgengi á mótum.

Töluverðar umræður urðu um tillögurnar og var þeim síðan vísað til nýrrar stjórnar til eftirfylgni. Einnig var Afreksstefna KAÍ 2014 – 2016 lögð fyrir þingið og var hún samþykkt einróma.

Reinharð Reinharðsson var endurkjörinn formaður sambandsins.

Einn stjórnarmaður gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu og kom Anna Olsen, frá Aftureldingu, inn í aðalstjórn.



Þingfulltrúar á 27. Karateþingi 22. febrúar 2014

## ***Kristján Helgi með Gull í Malmö***



Kristján Helgi Carrasco vann til gullverðlauna á Opna sænska karatemótinu, sem fór fram í gær laugardaginn 22.mars í Malmö Svíþjóð. Kristján Helgi vann fyrstu tvær viðureignir sínar nokkuð sannfærandi og átti að mæta hollendingnum Nick Gerrese í úrslitum í -67kg flokki. Nick hafði meiðst illa í undanúrslitum og gaf því úrslitabardagann við Kristján Helga sem stóð þá eftir sem sigurvegari. Telma Rut Frímansdóttir átti einnig góðan dag í Malmö í gær. Hún keppti í -68kg flokki í kumite, þar sem hún sigraði fyrstu tvo andstæðinga og mætti Gittu Brundstad frá Noregi í úrslitum. Eftir jafna og skemmtilega viðureign þá stóð sú norska uppi sem sigurvegarinn í flokkinum.

Fleiri landsliðsmenn í karate kepptu í Malmö í gær, Ólafur Engilbert Árnason keppti í flokki unglunga -68kg og stóð sig vel. Eftir að hafa unnið 2 viðureignir þá tapaði hann naumlega í undanúrslitum og aftur í viðureigninni um 3ja sætið, þegar mótherji hans náði stigi 2 sekúndum fyrir lok bardagans sem hafði fram að þeim tímamarki verið jafn. Í yngri unglungaflokki keppti Laufey Lind Sigþórsdóttir sem vann fyrstu 2 viðureignirnar í flokki cadet (14-15 ára) en tapaði svo fyrir sigurvegaranum í 3ju umferði. Í flokki cadetta var ekki notað uppreisnarkerfi svo Laufey fékk ekki möguleika á viðureign um 3ja sætið. Í sama flokki keppti Arna Katrín Kristinsdóttir sem vann sína fyrstu viðureign en datt svo út í 2.umferð.

Fyrr um morguninn var keppt í barnaflokkum þar sem unnust 2 silfur og 4 brons, þar sem Viktor Steinn Sighvatsson vann silfur í flokki 12 ára drengja og Krístrún Bára Guðjónsdóttir brons í kata 10 ára stúlkna.

#### **Heildarverðlaun**

Gull, Kristján Helgi Carrasco, kumite -67kg

Silfur, Telma Rut Frímansdóttir, kumite -68kg

Silfur, Viktor Steinn Sighvatsson, kata 12 ára drengja

Silfur, Viktor, Óttar, Guðjón, hópkata mix 12-13 ára

Brons, Krístrún Bára Guðjónsdóttir, kata 10 ára stúlkna

## Karatesamband Íslands

Brons, Þorsteinn, Snorri, Hilmar, hópkata mix 12-13 ára

Brons, Móey, Freyja, Guðbjörg, hópkata mix 12-13 ára

Brons, Daníel, Tómas, Eiríkur, hópkata mix 10-11 ára

### ***Eitt silfur og fimm brons á NM***

Norðurlandameistaramótið í karate fór fram í Riga, Lettlandi, laugardaginn 12. apríl. Á mótinu keppa norðurlöndin en auk þeirra er Eistlandi og Lettlandi boðið að vera með. Met þátttaka var á mótinu þar sem um 260 keppendur voru mætti til keppni í einstaklingsflokkum og 15 lið skráð til leiks í sveitakeppni. Ísland sendi 18 keppendur í einstaklingsflokkum og 4 lið til leiks og þegar mótinu lauk höfðu unnist 1 silfurverðlaun og 5 bronsverðlaun. Íslenska karlasveitin í kata fékk silfurverðlaun eftir að hafa tapað úrslitaviðureigninni á móti Noregi, í sveitinni voru Bogi Benediktsson, Davíð Freyr Guðjónsson og Heiðar Benediktsson. Kvennasveitin í kata fékk svo bronsverðlaun eftir að hafa tapað fyrir Svíþjóð í undandúrslitum, í sveitinni voru Katrín Kristinsdóttir, Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir. Af katakeppendum átti Svana Katla Þorsteinsdóttir besta daginn þar sem hún vann Kim Tran frá Noregi í fyrstu umferð en í annarri umferð tapaði hún fyrir Rikke Linck frá Danmörku. Þar sem Rikke keppti til úrslita þá fékk Svana uppreisnarviðureign um réttinn til að keppa um 3ja sætið. Í fyrstu viðureign í uppreisn lenti hún á móti Elin Ernekrans frá Svíþjóð sem vann og að lokum lenti Elin í 3ja sætið.

Kumitekeppendur okkar áttu misjafnan dag í einstaklingsflokkum en Katrín Ingunn Björnsdóttir, Edda Kristín Óttarsdóttir, Ólafur Engilbert Áranson og Sindri Péturson stóðu sig best þegar þau unnu öll til bronsverðlauna í sínum flokkum. Katrín Ingunn byrjaði á að vinna Söru Petersen frá Danmörku nokkuð örugglega í fyrstu umferð, í flokki cadet +54kg, en í undandúrslitum mætti hún Madelene Lindström frá Svíþjóð og bar lægri hlut. Katrín lenti svo á móti Aleksandra Sock frá Eistlandi í bardaganum um 3ja sætið og vann þá viðureign nokkuð örugglega 9-1. Edda Kristín keppti í cadet flokki -54kg og lenti á móti Anna Nilsson frá Svíþjóð í fyrstu umferð, þar sem Anna vann þá viðureign og á endanum flokkinn. Þar með hafði Edda unnið sér inn rétt til að berjast um 3ja sætið þar sem hún mætti Sade Tiger frá Finnlandi. Eftir jafna og skemmtilega viðureign stóð Edda uppi sem sigurvegari og fór viðureignin 4-2. Ólafur Engilbert keppti í flokki junior -68kg þar sem hann mætti Pavel Artamonov frá Eistlandi sem vann þá viðureign og á endanum flokkinn og þar með Norðurlandameistaratitil. Ólafur mætti þá Sami Sutinen frá Finnlandi í viðureigninni um 3ja sætið, sú viðureign fór 4-1 fyrir Ólaf og bronsið því hans. Í flokki fullorðinna -75kg keppti Sindri á móti Kalvis Kalnins frá Lettlandi í fyrstu umferð, Kalvis vann viðureignina ásamt öðrum viðureignum í flokkinum. Sindri mætti svo Joni Lipiainen frá Finnlandi í bardaganum um 3ja sætið þar sem Sindri fór á kostum og vann örugglega 8-0 áður en tíminn rann út og þar með sýndi Sindri ein bestu tilþrif sem íslenskur keppandi átti í gær.

Þegar mótinu var lokið var ljóst að Danmörk stóð sig best af öllum þjóðum með 11 norðurlandameistaratitla.



Landsliðið í karate auk landsliðsþjáfara fyrir NM.

### ***Pétur Freyr Nordic Kumite Referee***

Á Norðurlandameistaramótinu í Riga, Lettlandi, 12.apríl síðastliðinn fór Pétur Freyr Ragnarsson í dómaraþróf. Á föstudeginum var skriflegt próf en verklegt próf fór fram á laugardeginum á meðan mótið stóð yfir. Pétur Freyr stóð sig vel og fékk Nordic kumite Referee réttindi að mótinu loknu. Við óskum honum til hamingju með nýju réttindi sín, Pétur er þriðji Íslendingurinn með Nordic réttindi, auk hans eru Ólafur Hreinsson og Willem C. Verhaul með Nordic réttindi.





## ***Evrópumeistaramótið í karate***



Svana Katla, Kristján Helgi og Telmu Rut.

Fyrsta maí var fyrsti dagur á Evrópumeistaramótinu í karate sem haldið var í Tampere, Finnlandi, þar sem 480 keppendur frá 43 löndum mættu til leiks, en einungis er hægt að skrá 1 keppanda frá hverju landi í hvern flokk. Ísland var með þrjá keppendur á mótinu og hóf Svana Katla Þorsteinsdóttir keppni í kata kvenna. Þar mætti hún í fyrstu umferð Miu Karlsson frá Svíþjóð, en þær Svana Katla hafa oft mæst á undanförunum árum og fór það svo að Mia vann þessa viðureign. Næst keppti Telma Rut Frímansdóttir í kumite kvenna -68kg flokki þar sem hún Ivona Tubic frá Króatíu. Eftir jafna viðureign fór svo að Ivona náði stigi á Telmu og vann viðureignina 1-0. Síðastur til að keppa var Kristján Helgi Carrasco sem keppti í kumite karla -67kg flokki. Hann mætti Sebastian Kantuzer frá Slóveníu í fyrstu umferð og var sú viðureign vægt til orða mjög spennandi, þar sem þeir skiptust á að skora á hvorn annan. Sebastian var einu skrefi á undan Kristjáni og náði fyrsta stiginu en Kristján svaraði jafnharðan til baka og var viðureignin í jánnum þar til staðan var 3-3 þegar um 20 sekúndur voru eftir, en þá náði Sebastian að skora sigurstigið sem Kristján náði ekki að svara. Sebastian vann því viðureignina 4-3 og Kristján þar með úr leik þrátt fyrir frábæra baráttu í viðureigninni. Allir andstæðingar okkar keppenda féllu úr leik í seinni umferðum og því áttu þau ekki von á uppreisnarviðureign og rétti á að keppa um 3ja sætið.

## ***Kumite æfingabúðir með Wayne Otto***



Wayne Otto

Wayne „The Black Pearl“ Otto margfaldur heims- og evrópumeistari í kumite heimsótti Ísland og kenndi á æfingabúðum á vegum Karatesambandsins dagana 13. - 14. September.

### ***Smáþjóðamót í karate***

Fyrsta smáþjóðamótið í karate var haldið í Lúxemborg laugardaginn 20.september. Sjö þjóðir sendu keppendur til leiks og voru þeir um 240 talsins. Ísland vann til einna silfurverðlauna og sex bronsverðlauna á mótinu. Bestum árangri íslenskra keppenda náði Telma Rut Frímansdóttir er hún vann til silfurverðlauna í opnum flokki í kumite kvenna. Í fyrstu umferð mætti Telma, Sonju Steland frá Lúxemborg sem hún vann 3-1, í annarri umferð mætti hún annari stúlku frá Lúxemborg, Polu Giorgetti, og vann Telma nokkuð öruggt 4-0. Í úrslitum mætti Telma Söndru Herver frá Andorra, sem eftir mjög harða og spennandi bardaga endaði sem

## Karatesamband Íslands

sigurvegari með 5 stig á móti 3 stigum Telmu. Telma hafði leitt bardagann um tíma í stöðunni 3-2, en Sandra náði stigum á Telmu í lok viðureignar.



Að öðrum úrslitum í fullorðinsflokkum má helst nefna að í kata fullorðinna vann Svana Katla Þorsteinsdóttir til bronsverðlauna eftir að hafa unnið Vanessu Fabbri frá San Marínó í bardaganum um þriðja sætið. Jóhannes Gauti Óttarsson keppti í kumite -75kg þar sem hann mætti Michalis Machallekides frá Kýpur í fyrstu umferð, sú viðureign lauk með sigri Michalis 3-0 en hann vann svo flokkinn. Jóhannes fékk því uppreisn og tækifæri til að berjast um 3ja sætið en andstæðingur hans mætti ekki svo bronsið var Jóhannesar. Elías Snorrason og Bogi Benediktsson kepptu í kata fullorðinna en töpuðu báðir í fyrstu umferð, Elías fékk svo uppreisnarviðureign um réttinn til að keppa um 3ja sætið en tapaði þar á móti Arnold Chep frá Mónakó.

Edda Kristín Óttarsdóttir átti einnig góðan dag í kumite unglunga -54kg, þar sem hún vann Svenja hoffman í fyrstu umferð 6-3 en í undanúrslitum mætti hún Kimberly Nelting og fór sú viðureign 4-4 og því kom til dómaraúrskurðar. Kimberly vann viðureignina með dómaraúrskurði 3-2 og bronsið því hlutskipti Eddu í dag, þetta eru önnur alþjóðlegu verðlaun Eddu á árinu þar sem hún vann einnig brons á Norðurlandamótinu sem haldið var í apríl. Í flokki unglunga +54 kg áttu við tvo keppendur, Laufey Lind Sigþórsdóttur og Katínu Ingunni Björnsdóttur. Katrín fór létt með sinn fyrsta andstæðing, Karyofilia Englezou frá Kýpur, þar sem Katrín sigraði 8-0 en í undanúrslitum tapaði hún fyrir Allison Berna frá Lúxemborg 3-2 og endaði með brons í þessum flokk sem og Laufey sem tapar sinni viðureign gegn Mallea Noll frá Lúxemborg 4-0. Þær stöllur, Edda, Katrín og Laufey kepptu svo í liðakeppni unglunga þar sem þær mættu liði frá Lúxemborg, viðureignin endaði með sigri Lúxemborg og fengu stúlkurnar því brons í liðakeppni. Bogi

## Karatesamband Íslands

Benediktsson og Laufey Lind Sigbórsdóttir kepptu svo í kata unglunga en töpuðu bæði í fyrstu umferð, Bogi fékk uppreisn og keppti um 3ja sætið við Pierre Pirotte frá Lúxemborg en beið lægri hlut.


### Verðlaunahafar

Silfur í kumite opinn flokkur	Telma Rut Frímansdóttir
Brons í kata kvenna	Svana Katla Þorsteinsdóttir
Brons í kumite -75kg	Jóhannes Gauti Óttarsson
Brons í kumite unglunga -54kg	Edda Kristín Óttarsdóttir
Brons í kumite unglunga +54kg	Katrín Ingunn Björnsdóttir
Brons í kumite unglunga +54kg	Laufey Lind Sigbórsdóttir
Brons í sveitakeppni unglunga	Edda Kristín, Katrín Ingunn, Laufey Lind



Frá vinstri Gunnlaugur Þjálfari, Telma Rut, Jóhannes Gauti, Svana Katla, Elías, Edda Kristín, Katrín Ingunn, Laufey Lind, Bogi og Magnús Þjálfari.

### ***Telma og Jóhannes á heimsbikarmóti í karate***



Jóhannes Gauti og Telma Rut hafa lokið keppni á heimsbikarmótinu í karate sem fer fram í Salzburg Austurríki. Þetta er lokamótið í bikarmótaröð WKF (World Karate Federation) þar sem allt besta karatefólk heimsins tekur þátt, í ár voru yfir 600 keppendur skráðir til leiks. Jóhannes Gauti fékk mjög sterkan andstæðing í fyrstu umferð í kumite -75kg flokki, norðurlandameistarann Ruslans Sadikovs frá Lettlandi. Ruslans, sem er í 18.sæti á heimslista alþjóðlega karatesambandsins, vann Jóhannes nokkuð örugglega 7-0 sem og aðra andstæðinga sína í flokknum og mun Ruslans keppa til úrslita í flokknum. Jóhannes Gauti fékk því uppreisnarviðureign og möguleika á að keppa um 3ja sætið í flokknum. Hann mætti W. Wierdis frá Ítalíu í hörku viðureign, þar sem ítalinn fékk á sig 3 refsstig en sá ítalski vann viðureignina að lokum 3-0 og endaði Jóhannes Gauti því í 10-11.sæti í flokknum af 68 keppendur voru skráðir til leiks. Telma Rut átti ekki góðan dag í kumite -68kg flokki því hún tapaði fyrstu viðureign sinni 3-0 á móti N. Aberer frá Austurríki, sem tapaði síðar næstu viðureign sinni og því átti Telma Rut ekki möguleika á uppreisn og rétt á að keppa um 3ja sætið. Næstu verkefni þeirra er heimsmeistaramótið í karate sem fer fram í Bremen, Þýskalandi, 5-9. nóvember næstkomandi. Með þeim í för er Gunnlaugur Sigurðsson landsliðsþjálfari í kumite.

### ***Fjórir keppendur á Heimsmeistaramótinu***

Heimsmeistaramótið í karate fór fram 5-9.nóvember næstkomandi í Bremen, Þýskalandi. Í heildina voru 876 keppendur frá 107 þjóðum skráðir til leiks í 16 keppnisflokkum, bæði í kata og

## Karatesamband Íslands

kumite en keppnisflokkar í kumite er svo skipt upp í mismunandi þyngdarflokka karla og kvenna. Á heimsmeistaramóti mega þjóðir einungis senda 1 keppanda í hvern keppnisflokk. Ísland sendir 4 keppendur til leiks, Elías Snorrason, Jóhannes Gauta Óttarsson, Kristínu Magnúsdóttur og Telmu Rut Frímansdóttur. Heimsmeistaramótið stendur yfir í 5 daga, keppt verður í undanrásum miðvikudag til föstudags, en úrslit í einstökum flokkum fara fram um helgina 8-9.nóvember. Okkar fólk mun keppa í sínum flokkum miðvikudaginn 5.nóvember. Elías keppir í kata karla (68 keppendur), Jóhannes Gauti keppir í kumite -75kg flokki (73 keppendur), Kristín keppir í kata kvenna (59 keppendur) og Telma Rut keppir í kumite -68kg flokki (53 keppendur). Með þeim í för eru landsliðsþjálfararnir Gunnlaugur Sigurðsson og Magnús Kr. Eyjólfsson og formaður Karatesambandsins Reinharð Reinharðsson.

5.nóvember, fór fram fyrsti dagur undanrása á Heimsmeistaramótinu í karate sem haldið er í Bremen, Þýskalandi. Íslensku keppendurnir kepptu allir í dag, Elías Snorrason og Kristín Magnúsdóttir byrjuði í kata en bæði töpuðu þau fyrir sínum andstæðingum í fyrstu umferð, Elías mætti T. Uchiage frá Kanada en Kristín mætti S. Livitsanou frá Grikklandi. Þar sem andstæðingar þeirra duttu út í næstu umferð var keppni okkar fólks lokið. Jóhannes Gauti Óttarsson mætti I. Cvetkovski frá Makedóníu í fyrstu umferð í kumite karla -75kg, Jóhannes tapaði fyrir honum 3-0, þar sem Cvetkovski tapaði í næstu umferð var Jóhannes dottinn úr leik. Telma Rut Frímansdóttir mætti norsku stúlkunni Gitte Brunstad í fyrstu umferð í kumite kvenna -68kg. Gitte vann Telmu 3-0 sem og næstu 5 andstæðinga sína í dag og mun því keppa í úrslitum um Heimsmeistaratilinn næsta laugardag. Telma var því komin í uppreisn um réttinn til að keppa um 3ja sæti, Telma mætti L.Veithova frá Tékklandi í fyrstu umferð uppreisnar en beið þar lægri hlut eftir harða baráttu 0-2, Veithova tapaði svo í næstu umferð og keppir því ekki um 3ja sætið. Telma Rut endaði í 11-12.sæti í sínum flokki.



Frá vinstri Gunnlaugur, Jóhannes Gauti, Kristín, Elías og Magnús. Á myndina vantar Telmu Rut.

Karatesamband Íslands  
**Kristján Helgi og Telma Rut Karatefólk ársins 2014**



**Telma Rut Frímanssdóttir, Karatedeild Aftureldingar**

Annað árið í röð er Telma Rut valin karatekona ársins enda hefur hún verið fastur meðlimur landsliðs Íslands í kumite undanfarin ár og tekið þátt í fjölda móta á erlendis með góðum árangri. Fremst ber að telja árangur hennar á fyrsta Smáþjóðamótinu í karate sem haldið var í haust þar sem hún hafnaði í 2.sæti í opnum flokki. Að auki þá náði Telma mjög góðum árangri á Opna Sænska meistaramótinu þar sem hún lenti í 2. sæti í opnum flokki kvenna. Þá keppti Telma á Evrópumeistaramótinu í maí og á Heimsmeistaramótinu í nóvember þar sem hún endaði í 10-11.sæti í -68kg flokki. Á heimavelli hefur Telma verið ósigrandi enda er hún tvöfaldur Íslandsmeistari og bikarmeistari kvenna.

Telma Rut er nú í 108.sæti á heimslista WKF yfir keppendur í kumite kvenna í -68 kg. flokki (af 298 skráðum keppendum).

Helstu afrek Telmu Rutar á árinu 2014 voru;

1. Íslandsmeistari í kumite, opnum flokki
2. Íslandsmeistari í kumite, +61kg flokki
3. Bikarmeistari kvenna 2014
4. Silfur í opnum flokki kvenna á Smáþjóðamóti í karate
5. Silfur í opnum flokki kvenna á Opna sænska meistaramótinu
6. Silfur í opnum flokki kvenna á RIG
7. 10-11.sæti í kumite kvenna -68kg á Heimsmeistaramóti

Telma Rut er því verðug fyrirmynd fyrir stúlkur í karateíþróttinni.

### Kristján Helgi Carrasco, Karatedeild Víkings

Val stjórnar Karatesambands Íslands á Kristjáni Helga þarf ekki að koma á óvart, enda hefur Kristján Helgi verið afburðar karatemaður síðustu ár. Þetta er 5 árið í röð sem Kristján Helgi er valinn karatemaður ársins. Kristján Helgi hefur vaxið sem karatemaður hvert ár og var árið 2014 engin undantekning. Kristján Helgi keppir aðallega í kumite, sem hann hefur einbeitt sér að síðustu ár en auk þess keppir Kristján Helgi einnig í kata hér á landi sem sýnir hversu fjölhæfur karatemaður hann er. Kristján Helgi er fjórfaldur Íslandsmeistari á þessu ári auk þess að vera Bikarmeistari karla, eini karlmaðurinn í sögu Karatesambandsins sem hefur afrekað að vera handhafi allra titla sem í boði eru á sama árinu. Kristján Helgi hefur verið fastur landsliðsmaður í karate síðustu ár og tók m.a. þátt í Evrópumeistaramóti U21 í febrúar og Evrópumeistaramóti fullorðinna í maí síðastliðnum.

Helstu afrek Kristjáns Helga á árinu 2014 voru;

1. Bikarmeistari karla 2014
2. Íslandsmeistari í kumite, opnum flokki
3. Íslandsmeistari í kumite –75kg
4. Íslandsmeistari í kumite, sveitakeppni karla
5. Íslandsmeistari í kata karla
6. Gull í -67kg flokki í kumite á Opna sænska meistaramótinu

Kristján Helgi er því verðugur fulltrúi karatehreyfingarinnar og mikil fyrirmynd fyrir ungt íþróttafólk.



## NEFNDIR

### ***Aganefnd***

Ásmundur Ísak Jónsson - formaður

Ólafur Helgi Hreinsson

Gísli Magnússon

Magnús Kr. Eyjólfsson

Willem Cornelis Verheul

### **Varamenn:**

Gretar Örn Halldórsson

Guðni Már Egilsson

Vincente Carrasco

### ***Dómaranefnd***

Helgi Jóhannesson - formaður

Reinharð Reinharðsson

Pétur Freyr Ragnarsson

### ***Landsliðsnefnd***

Sigþór Damúelsson - formaður

Kristján Ó. Davíðsson

### ***Mótanefnd***

Þrúður Sigurðar – formaður

Arnar Þór Björgvinsson

María Jensen

Bjarki Logason

Jacqueline Becker

Frode Jakobsen

Valgerður Helga Sigurðardóttir

### ***Landsliðsþjálfarar***

Gunnlaugur Sigursson – Kumite

Magnús Kr. Eyjólfsson – Kata

## MÓT Á ÁRINU 2014

### Reykjavik International Games - Karate 2014

25. janúar fór fram karatehluti Reykjavik International Games (RIG) í Víkinni, íþróttahúsi Víkings í Stjörnugróf. Fyrir hádegi var keppt í fullorðinsflokki en í unglingsflokki eftir hádegi. Þrír útlenskir keppendur mættu í morgun og sýndu góð tilþrif.

Í kata karla voru einungis íslenskir keppendur að þessu sinni og sigraði Íslandsmeistarinn Elías Snorrason, KFR, Heiðar Benediktsson, Breiðablik, í skemmtilegri viðureign en þeir áttust einnig við á síðasta Íslandsmóti þar sem Elías bar einnig sigurorð af Heiðari. Í kata kvenna voru landsliðskonur okkar mættar ásamt Ashley Scott frá Bretlandi, sem keppti bæði í kata og kumite í dag. Í undanúrslitum sigraði Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik, liðsfélaga sinn Aðalheiði Rósu Harðardóttur. Í hinum undanúrslitaviðureigninni mættust Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik, og Ashley Scott þar sem Kristín sigraði. Í úrslitum mættust því Svana Katla og Kristín og sigraði Svana Katla eftir að hafa sýnt góða kata í dag.

Í kumite -75kg flokki var Corentin Seguy, Frakklandi, meðal keppanda og sýndi hann mjög snarpa takta þegar hann lagði þá Sindra Pétursson, Víking, og Arnar Frey Nikulásson, Breiðablik, í undanriðlum. Í úrslitum mætti Corentin Elíasi Guðna Guðnasyni, Fylki, en Corentin vann nokkuð örugglega þann bardaga og flokkinn í heild sinni. Í þyngri flokknum, +75kg flokki, var Lonni Boulesnane meðal keppanda, en hann lagði Guðna Hrafn Pétursson, Fylki, og Hjálmar Þór Jensson, Fylki, á leið sinni í úrslit, báða nokkuð örugglega. Í úrslitum mætti hann Pétri Rafn Bryde, Víking, og var það mjög skemmtileg viðureign þar sem Pétur stóð vel í Lonni. En keppnisreynsla Lonni reyndist sterkari á endanum og sigraði hann flokkinn, en þess má geta að Lonni lenti í 2.sæti á Opna franska meistaramótinu núna í janúar. Í kumite kvenna sigraði Ashley Scott Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Breiðablik, í undanúrslitum og mætti því Telmu Rut Frímannsdóttur, aftureldingu, í úrslitum. Sú viðureign var mjög fjörug þar sem Ashley stóð uppi sem sigurvegari.

Heildarúrslit í fullorðinsflokki:

#### **Kata senior kvenna**

- |   |                              |            |
|---|------------------------------|------------|
| 1 | Svana Katla Þorsteinsdóttir  | Breiðablik |
| 2 | Kristín Magnúsdóttir         | Breiðablik |
| 3 | Ashley Scott                 | Bretland   |
| 3 | Aðalheiður Rósa Harðardóttir | Breiðablik |

#### **Kumite senior kvenna**

- |   |                               |             |
|---|-------------------------------|-------------|
| 1 | Ashley Scott                  | Bretland    |
| 2 | Telma Rut Frímannsdóttir      | Afturelding |
| 3 | Aðalheiður Rósa Harðardóttir  | Breiðablik  |
| 3 | Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir | KFR         |

#### **Kata senior karla**

- |   |                        |            |
|---|------------------------|------------|
| 1 | Elías Snorrason        | KFR        |
| 2 | Heiðar Benediktsson    | Breiðablik |
| 3 | Davíð Freyr Guðjónsson | Breiðablik |
| 3 | Sverrir Magnússon      | KFR        |

#### **Kumite senior -75 karla**

- |   |                      |           |
|---|----------------------|-----------|
| 1 | Corentin Seguy       | Frakkland |
| 2 | Elías Guðni Guðnason | Fylkir    |

## Karatesamband Íslands

- |   |                        |            |
|---|------------------------|------------|
| 3 | Sindri Pétursson       | Víkingur   |
| 3 | Davíð Freyr Guðjónsson | Breiðablik |

### Kumite senior +75 karla

- |   |                          |           |
|---|--------------------------|-----------|
| 1 | Lonni Boulesnane         | Frakkland |
| 2 | Pétur R Bryde            | Víkingur  |
| 3 | Hjálmar Þór Jensen       | Fylkir    |
| 3 | Jóhannes Gauti Óttarsson | Fylkir    |



Á meðfylgjandi mynd má sjá sigurvegara dagsins, frá Vinstri; Corentin Seguy, Elías Snorrason, Svana Katla Þorsteinsdóttir, Ashley Scott og Lonni Boulesnane.

Eftir hádegi fór svo fram keppni í unglingsflokkum, þar sem keppt var í þremur aldursflokkum, 12-13 ára, 14-15 ára og svo 16-17 ára, bæði var keppt í kata og kumite.

## Karatesamband Íslands



Á meðfylgjandi mynd má sjá sigurvegara í unglingsflokkum, fremri röð frá vinstri; Mary Jane Padua, Iveta Ivanova, Edda Kristín Óttarsdóttir, Bogi Benediktsson, Eiríkur Örn Róbertsdóttir, Viktor Steinn Sighvatsson og Kári Haraldsson. Aftari röð frá vinstri; Arna Katrín Kristinsdóttir, Þorsteinn Freygarðsson, Katrín Ingunn Björnsdóttir, Ólafur Engilbert Árnason, Unnur Lilja Þórðardóttir, Katrín Kristinsdóttir og Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson.

### Kata Youth kvenna

1	Mary Jane Padua	Víkingur
2	Sigríður Hagalín	KFR
3	Helga Björg Óladóttir	Þórshamar
3	Díana Ýr Reynisdóttir	Breiðablik

### Kata cadet kvenna

1	Arna Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
2	Jóna Gréta Hilmarisdóttir	Þórshamar
3	Sigríður Þórdís Pétursdóttir	Fjölnir

### Kata Junior kvenna

1	Katrín Kristinsdóttir	Breiðablik
2	María Orradóttir	Breiðablik
3		Eiríkur Örn Róbertsson

### Kumite youth +50 kg kvenna

1	Mary Jane Padua	Víkingur
---	-----------------	----------

### Kumite youth -50 kg kvenna

1	Iveta Ivanova	Fylkir
2	Sigríður Hagalín	KFR
3	Móey María Sigþórsdóttir	Breiðablik
3		Valdís Ósk Árnadóttir

### Kumite youth -55 kg kk

1	Viktor Steinn Sighvatsson	Fjölnir
---	---------------------------	---------

28. Ársþing KAÍ

### Kata Youth karla

1	Viktor Steinn Sighvatsson	Fjölnir
2	Óttar Finnsson	Fjölnir
3	Jóhann H Ragnarsson	KFR
3	Snorri Beck Magnússon	Breiðablik

### Kata cadet Karla

1	Kári Haraldsson	Afturelding
2	Baldvin Mattes	Víkingur
3	Matthías Bijan Montazeri	Víkingur

### Kata Junior karla

1	Bogi Benediktsson	Þórshamar
2	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar

Aron Breki Heiðarsson Breiðablik

### Kumite youth +55 kg karla

1	Ágúst H. Sveinbjörnsson	Fylkir
2	Máni Vidal	Fjölnir
3	Magnús S. Þórðarson	KFR
		Afturelding

### Kumite cadet kvenna +54 kg

1	Katrín Ingunn	Fylkir
---	---------------	--------

28. febrúar 2015

## Karatesamband Íslands

2	Hrannar Ingi Arnarsson	Fylkir	2	Björnsdóttir	
3	Óttar Snær Ingvason	Þórshamar	3	Lilja Vigdís Davíðsdóttir	Fylkir
3	Þorsteinn Guðmundsson	Breiðablik	3	Eva Ósk Gunnarsdóttir	Haukar
			3	Sigríður Þórdís Pétursdóttir	Fjölnir
<b>Kumite cadet kvenna -54 kg</b>			<b>Kumite junior kvk</b>		
1	Edda Kristín Óttarsdóttir	Fylkir	1	Unnur Lilja Þórðardóttir	KFR
2	Katla Halldórsdóttir	Fylkir	2	Ísabella Montazeri	Víkingur
3	Hekla Halldórsdóttir	Fylkir	3	María Orradóttir	Breiðablik
3	Jóna Gréta Hilmarsdóttir			Þórshamar	
<b>Kumite cadet karla</b>			<b>Kumite junior +76 kg karla</b>		
1	Þorsteinn Freygarðsson	Fylkir	1	Eiríkur Örn Róbertsson	Þórshamar
2	Máni Karl Guðmundsson	Fylkir	2	Bogi Benediktsson	Þórshamar
3	Baldvin Mattes	Víking	3	Aron Breki Heiðarsson	Breiðablik
3	Matthías Montazeri			Víking	
<b>Kumite junior -76kg karla</b>			<b>Kumite senior kvenna</b>		
1	Ólafur Engilbert Arnason	Fylkir	1	Ashley Scott	Bretland
2	Ísak Sigfússon	Haukar	2	Telma Rut Frímansdóttir	Afturelding
3	Sæmundur Ragnarsson	Þórshamar	3	Aðalheiður Rósa Harðardóttir	Breiðablik
3	Sverrir Ólafur Torfason	Víkingur	3	Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir	KFR
<b>Kata senior kvenna</b>			<b>Kata senior karla</b>		
1	Svana Katla Þorsteinsdóttir	Breiðablik	1	Elías Snorrason	KFR
2	Kristín Magnúsdóttir	Breiðablik	2	Heiðar Benediktsson	Breiðablik
3	Ashley Scott	Bretland	3	Davíð Freyr Guðjónsson	Breiðablik
3	Aðalheiður Rósa Harðardóttir	Breiðablik	3	Sverrir Magnússon	KFR
<b>Kumite senior +75 karla</b>			<b>Kumite senior -75 karla</b>		
1	Lonni Boulesnane	Frakkland	1	Corentin Seguy	Frakkland
2	Pétur R Bryde	Víkingur	2	Elías Guðni Guðnason	Fylkir
3	Hjálmar Þór Jensen	Fylkir	3	Sindri Pétursson	Víkingur
3	Jóhannes Gauti Óttarsson	Fylkir	3	Davíð Freyr Guðjónsson	Breiðablik

## Íslandsmeistaramót unglunga í kata

Sunnudaginn 9.febrúar, fór fram Íslandsmeistaramót unglunga í kata. Mótið var mjög vel sótt og mikil aukning var á keppendum, í einstaklingsflokkum tóku yfir 100 keppendur þátt og 20 lið í liðakeppni frá 9 félögum. Bestum árangri náðu tveir einstaklingar sem urðu tvöfaldir Íslandsmeistarar en þau unnu sína einstaklingsflokka og voru einnig í sigurliði síns félags í hópkata. Þetta voru þau Snorri Beck Magnússon, Breiðablik og Bogi Benediktsson, Þórshamri. Breiðablik varð svo Íslandsmeistari félaga þegar heildarstiginn voru lögð saman með 39 stig, en Breiðablik varði með því Íslandsmeistaratitil félaga frá því í fyrra og er þetta 6 árið í röð sem Breiðablik vinnur félagstitilinn. Agnar Helgason var mótsstjóri og yfirdómari var Willem C. Verheul.



Íslandsmeistarar Unglinga mynd, efri röð frá vinstri; Mary, Díana, Kári, Arna, Eiríkur, Sæmundur, Katrín, Bogi, Jónatan. Neðri röð frá vinstri; Freyja, Omar, Sigríður, Snorri, Þorsteinn, Guðjón, Óttar og Viktor.

### **Kata piltar 12 ára**

1. Ómar Muhammed Hani Þórshamar
2. Matthías Eyfjörð Afturelding
3. Anton Pétur Sveinsson Afturelding
3. Máni Hákonarson Afturelding

### **Kata stúlkur 12 ára**

1. Freyja Stígsdóttir Þórshamar
2. Agla Þórarinsdóttir Afturelding
3. Dagbjört Arna Arnarsdóttir Afturelding
3. Filippía Þóra Jónsdóttir Þórshamar

### **Kata piltar 13 ára**

1. Snorri Beck Magnússon Breiðablik
2. Viktor Steinn Sighvatsson Fjölur
3. Jóhann Hrafn Ragnarsson KFR
3. Óttar Finnsson Fjölur

### **Kata stúlkur 13 ára**

1. Sigríður Hagalín Pétursdóttir KFR
2. Helga Björg Óladóttir Þórshamar
3. Móey María Sigþórsdóttir Breiðablik
3. Iðunn De Bustos Víkingur

### **Kata piltar 14 ára**

1. Jónatan Baldvinsson Þórshamar
2. Bjarki Ögmundsson Breiðablik
3. Jóhannes Felix Jóhannesson Breiðablik
3. Guðjón Þór Jósefsson KFR

### **Kata stúlkur 14 ára**

1. Mary Jane Padua Rafael Víkingur
2. Díana Ýr Reynisdóttir Breiðablik
3. Guðbjörg Hera Gunnarsdóttir Breiðablik
3. Álfrún Cortes Ólafsdóttir Víkingur

### **Kata piltar 15 ára**

1. Kári Haraldsson Afturelding
2. Baldur Benediktsson Breiðablik
3. Matthías Bijan Montazeri Víkingur
3. Sigurður Hákon Kristjánsson Breiðablik

### **Kata stúlkur 15 ára**

1. Arna Katrín Kristinsdóttir Breiðablik
2. Laufey Lind Sigbórsdóttir Breiðablik
3. Anna Margrét Jónudóttir Breiðablik
3. Jóna Gréta Hilmarsdóttir Þórshamar

### **Kata piltar 16-17 ára**

1. Bogi Benediktsson Þórshamar
2. Eiríkur Örn Róbertsson Þórshamar
3. Aron Heiðarsson Breiðablik
3. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar

### **Kata stúlkur 16-17 ára**

1. Katrín Kristinsdóttir Breiðablik
2. Sigríður Þórdís Pétursdóttir Fjölnir

## **HÓPKATA**

### **Hópkata táninga 12 og 13 ára**

1. Óttar Viktor Guðjón Fjölnir A
2. Baldur Finnbogi Steinar Fjölnir B
3. Anton Máni Þórður Afturelding A
3. Máni Hjördís Ólafur Haukar A

### **Hópkata táninga 14 og 15 ára**

1. Díana Snorri Þorsteinn Breiðablik B
2. Guðbjörg Móey Freyja Breiðablik C
3. Jóna Ólöf Ikram Þórshamar A
3. Atli Matthías Birkir Víkingur A

### **Hópkata táninga 16 og 17 ára**

1. Sæmundur Bogi Eiríkur Þórshamar A
2. Aron Hólmgeir Jökull Breiðablik A
3. Natallía Katrín Vala Breiðablik B

Heildarstig félaga;

## **Heildarstig**

Breiðablik 39  
Þórshamar 27  
Fjölnir 15  
Afturelding 12  
Víkingur 8  
KFR 5  
Haukar 2  
KAK 0  
Leiknir 0

## Íslandsmeistara barna í kata.

Seinna um daginn fór svo fram Íslandsmeistara barna í kata. Yfir 160 krakkar og 40 lið mættu til leiks. Þegar uppi var staðið varð Karateeild Víkinga Íslandsmeistari félagi með 22 stig. Agnar Helgason var mótsstjóri og yfirdómari var Willem C. Verheul.



Íslandsmeistarar barna mynd, efri röð frá vinstri; Hugji, Tómas Pálmar, Daníel Dagur, Tómas Aron, Krístrún. Neðri röð frá vinstri; Anna, Vincente, Agatha og Daníel.

### Kata barna 8 ára og yngri

1. Anna Halina Koziel KFR
2. Aron Máni Auðunsson KFR
3. Alexander Demian Víkingur
3. Nökkvi Benediktsson KFR

### Kata barna 9 ára

1. Hugji Halldórsson KFR
2. Joshua Davíðsson Fjöltnir
3. Sigurður Páll Matthíasson Víkingur
3. Chayma Rín Hani Þórshamar

### Kata krakka 10 ára

1. Tómas Pálmar Tómasson Breiðablik



2. Ásthildur Helga Jónsdóttir Víkingur
3. Arnar Logi Gíslason KFR
3. Alexander K Bendtsen Víkingur

### **Kata krakka 11 ára**

1. Krístrún Birgisdóttir Víkingur
2. Daníel Dagur Bogason Breiðablik
3. Manh Vu Duang Þórshamar
3. Helena Hjörvar Þórshamar

### **Hópkata barna 9 ára og yngri**

1. Vincente Agatha Daníel Víkingur C
2. Baldur Einar Brynjar Breiðablik A
3. Abaragethan Daníel Alexandra Leiknir A
3. Alexander Elmar Eskil Víkingur B

### **Hópkata barna 10-11 ára**

1. Tómas Aron Tómas Daníel Breiðablik
2. Alexander Ari Ófeigur Víkingur A
3. Eiríkur Krístrún Ólafur KAK A
3. Tómas Krístrún Andri Víkingur B

### **Heildarstig félaga**

Víkingur 22  
Breiðablik 15  
KFR 10  
Þórshamar 3  
Fjölnir 2  
Leiknir 2  
Akranes 2  
Afturelding 0  
Haukar 0

## ***Íslandsmeistaramótið fullorðinna í kata***

Í dag, laugardaginn 8.mars, fór fram Íslandsmeistaramótið í kata fullorðinna í Hagaskóla. Góð þátttaka var á mótinu og mættu um 25 einstaklingar og 7 lið, frá 6 félögum. Í einstaklingskata karla gerði Kristján Helgi Carrasco, Víking, sér lítið fyrir og vann eftir að hafa lagt 2 fyrrum Íslandsmeistara að velli. Í fyrstu umferð mætti Kristján Helgi Pathipan Kristjánssyni, Fjölnir, sem vann 2008, en í undanúrslitum vann Kristján Helgi Elías Snorrason, KFR, sem sigraði 2010 og 2013. Í úrslitum mætti Kristján Helgi honum Sverri Magnússyni, KFR. Þetta er því í annað sinn sem Kristján Helgi sigrar í kata en hann vann einnig 2012, þess má einnig geta að Kristján Helgi varð þrefaldur kumitemeistari á síðasta Íslandsmeistaramóti í kumite og er núverandi bikarmeistari karla. Í kvennaflokki var spennan ekki síðri, en fyrir mótið var ljóst að nýr meistari yrði krýndur þar sem Aðalheiður Rósa Harðardóttir meistari síðustu 3 ára myndi ekki taka þátt í ár vegna meiðslna. Í úrslitum kepptu landsliðskonurnar Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir, báðar úr Breiðablik. Svo fór að Kristín vann Svönu 3-2 og með því varð Kristín tvöfaldur Íslandsmeistari þar sem hún vann einnig Hópkata með liðsfélögum sínum í Breiðablik, þeim Svönu Kötlu og Katrínu Kristinsdóttur. Þetta er þriðja árið í röð sem Kristín og Svana vinna Hópkata með Breiðablik, hin tvö árin með Aðalheiði. Í Hópkata karla unnu Breiðabliksmenn fjórða árið í röð, í sigursveitinni voru Davíð Freyr Guðjónsson, Heiðar

## Karatesamband Íslands

Benediktsson og Magnús Kr. Eyjólfsson. Þegar öll stig voru tekin saman varð það ljóst að Breiðablik vann stigakeppnina fjórða árið í röð og er því Íslandsmeistari félaga í kata fullorðinna. Yfirdómari á mótinu var Helgi Jóhannesson, mótsstjórar voru Agnar Helgason og Þrúður Sigurðar.



Íslandsmeistararnir í kata, Kristín Magnúsdóttir og Kristján Helgi Carrasco

Úrslit dagsins;

### Kata kvenna

1. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik
2. Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik
3. Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik
3. Erla Kristín Arnalds, Breiðablik

**Kata Karla**

- 1.Kristján Helgi Carrasco, Víkingur
- 2.Sverrir Magnússon, KFR
- 3.Heiðar Benediktsson, Breiðablik
- 3.Elías Snorrason, KFR

**Hópkata karla**

- 1.Breiðablik; Davíð Freyr, Heiðar, Magnús kr.
- 2.Þórshamar; Bogi, Eiríkur, Sæmundur
- 3.Breiðablik B; Aron, Hólmgeir, Jökull

**Hópkata kvenna**

- 1.Breiðablik; Kristín, Katrín, Svana Katla
- 2.Þórshamar; María, Lára, Sólveig
- 3.Akranes; Eydís, Hafdís, Valgerður

**Heildarstig félaga**

- 1.Breiðablik, 22 stig
- 2.Þórshamar, 8 stig
- 3.Víkingur, 3 stig
- 3.KFR, 3 stig
- 5.Akranes, 2 stig

**Bikarmeistarar 2014**



Telma Rut Frímansdóttir, Aftureldingu og Kristján Helgi Carrasco, Víkingi.

Laugardaginn 29.mars fór fram Bikarmeistaramót Karatesambands Íslands. Á bikarmótinu er keppt bæði í kata og kumite, þar sem stigahæsti einstaklingurinn stendur uppi sem sigurvegari, en gefin eru 10 stig fyrir 1.sæti, 8 stig fyrir 2.sæti, 6 stig fyrir 3.sæti og 3 stig fyrir 5-6.sæti. Fyrir mótið var ljóst að nýr bikarmeistari kvenna yrði krýndur þar sem meistarinn frá því í fyrra tók ekki þátt vegna meiðslna.

Góð þátttaka var á mótinu þar sem um 30 einstaklingar voru skráðir til keppni og margir af þeim kepptu bæði í kata og kumite. Flest allt landsliðsfólk okkar var mætt til leiks enda er bikarmótið liður í undirbúningu þess fyrir Norðurlandameistaramótið sem fer fram í Riga, Eistland, 12.apríl næstkomand en Ísland sendir 20 keppendur á mótið í ár.

Fyrst var keppt í kata þar sem í kvennaflokki sigraði Svana Katla Þorsteinsdóttir stöllu sína úr Breiðablik Kristínu Magnúsdóttur en Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, og María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri, lentu í 3.sæti. Í karlaflokki sigraði Elías Snorrason, KFR, Kristján Helgi Carrasco, Víking, en þeir félagar úr Breiðablik, Davíð Freyr Guðjónsson og Heiðar Benediktsson lentu í 3.sæti. Í kumiteflokki kvenna sigraði Telma Rut Frímansdóttir Katrínu Ingunni Björnsdóttur, Fylki, en María Helga Guðmundsdóttir og Kristín Magnúsdóttir lentu í 3.sæti. Í kumiteflokki karla sigraði Kristján Helgi Carrasco hann Ólaf Engilbert Árnason úr Fylki eftir mjög skemmtilegan bardaga. Í karlaflokki lentu Sverrir Ólafur Torfason, Víking, og Sæmundur Ragnarsson, Þórshamri, í 3.sæti.

Þegar stigin voru talin saman í kvennaflokki þá stóð Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, uppi sem sigurvegari og endurheimti því bikarmeistaratitil sinn frá árinu 2012. Í karlaflokki þá sigraði Kristján Helgi Carrasco, Víking, fimmta árið í röð sem er einsdæmi í sögu Karatesambandsins en enginn einstaklingur hefur unnið bikarmeistaratitil svo oft í röð. Að auki jafnaði Kristján Helgi met þeirra félaga Ingólfs Snorrasonar og Jóns Inga Þorsteinssonar sem unnu bikarmeistaratitla 5 skipti hvor á árunum 1996 til 2005.

#### Heildarstig kvennaflokkur

1.sæti Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding 16 stig

28. Ársþing KAÍ

28. febrúar 2015

## Karatesamband Íslands

2.sæti Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik,	14 stig
3.sæti María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri	12 stig

### Heildarstig karlaflokkur

1.sæti Kristján Helgi Carrasco, Víkingur	18 stig
2.sæti Elías Snorrason, KFR	10 stig
3.sæti Heiðar Benediktsson, Breiðalbik	9 stig

## GrandPrix meistarar 2014

Laugardaginn 29.mars var haldið Bushido bikarmótið fyrir unglinga þar sem þátttakendur voru á aldrinum 12-17 ára, keppt var bæði í kata og kumite þar sem aldur keppenda er miðað við upphaf keppnisvetrar Karatesambandsins sem hefst að hausti til.

Helstu sigurvegarar voru;

- Kata 12 ára, Þorsteinn Björn Guðmundsson, Breiðablik
- Kata 13 ára, Mary Jane Padua Rafael, Víkingur
- Kata 14 ára, Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik
- Kata 15 ára, Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik
- Kata 16-17ára, Bogi Benediktsson, Þórshamar
- Kumite drengja 12-13 ára, Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir
- Kumite telpna 12-13 ára, Mary Jane Padua Rafael, Víkingur
- Kumite pilta 14-15 ára, Þorsteinn Freygarðsson, Fylkir
- Kumite stúlkna 14-15 ára, Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir
- Kumite pilta 16-17 ára, Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir



Á meðfylgjandi mynd má sjá Bushido bikarmeistarana, efri röð frá vinstri Ólafur Engilbert, Þorsteinn, Bogi, Katrín og Laufey Lind. Neðri röð frá vinstri Viktor Steinn, Þorsteinn Björn, Edda Kristín og Mary Jane.

## Bikarmót 1. 2014 – 2015



Edda Kristín og Jóhannes Gauti Óttarsbörn.

Fyrsta bikarmót Karatesambandsins fór fram laugardaginn 4.október, í Fylkissetrinu Norðlingaholti í umsjón karatedeildar Fylkis. Flest allt besta karatefólk var mætt á mótið og sáust margar mjög skemmtilegar viðureignir á mótinu. Í úrslitum kata karla áttust við tveir fyrrum íslandsmeistarar, þeir Elías Snorrason og Pathipan Kristjánsson, en svo fór að Elías hafði betur. Í kata kvenna áttust við liðsfélagarnir úr Breiðablik, þær Kristín Magnúsdóttir og Svana Katla Þorsteinsdóttir en þær hafa keppt á móti hvorri annari í mörg ár, Svana Katla sigraði í viðureign dagsins. Í kumite karla áttust við liðsfélagarnir Jóhannes Gauti Óttarsson og Ólafur Engilbert Árnason í mjög skemmtilegri og spennandi viðureign, en þess má geta að Ólafur keppir ennþá í unglingsflokkum. Eftir jafna viðureign stóð Jóhannes uppi sem sigurvegari. Í kumite kvenna áttu unglingslandsliðsstúlkurnar Edda Kristín Óttarsdóttir og Katrín Ingunn Björnsdóttir að mætast, en Katrín varð að gefa viðureignina vegna meiðsla sem hún hlaut í undanúrslitum. Þess má geta að Edda Kristín og Jóhannes Gauti, sigurvegarar í kumiteflokkum, eru systkin. Telma Rut Frímansdóttir, margfaldur íslandsmeistari, mætti ekki á mótið þar sem hún dvelur erlendis við æfingar til undirbúnings fyrir Heimsmeistaramótið í karate sem haldið verður í Bremen, Þýskalandi, 5-9.nóvember næstkomandi.

Á bikarmótum eru gefin stig fyrir sigur í kata og kumite, þar sem stigahæsti keppandinn verður útnefndur Bikarmeistari. Fyrir fyrsta sæti í hverjum flokki eru gefin 10 stig, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sætið og 3 stig fyrir 5-6.sæti. Í vetur verða bikarmótin þrjú og í lok þeirra verður krýndur bikarmeistari sá einstaklingur sem eru með flest stigin, bæði í karla- og kvennaflokki.

Úrslit dagsins;

### **Kata Karla**

1. Elías Snorrason, KFR
2. Pathipan Kristjánsson, Fjölni
3. Kristján Helgi Carrasco, Víking
3. Hólmgeir Gauti Agnarsson, Breiðablik

### **Kata kvenna**

1. Svana Katla Þorsteinsdóttir, Breiðablik

## Karatesamband Íslands

2. Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik
3. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri

### **Kumite karla**

1. Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylki
2. Ólafur Engilbert Árnason, Fylki
3. Sverrir Ólafur Torfason, Víking
3. Kristján Helgi Carrasco, Víking

### **Kumite kvenna**

1. Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylki
2. Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylki
3. Ingibjörg Halldórsdóttir, KFR
3. María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamri

Staðan eftir fyrsta mót er;

### **Karlaflokkur**

Kristján Helgi Carrasco, Víkingur, 12 stig  
Elías Snorrason, KFR, 10 stig  
Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylkir, 10 stig

### **Kvennaflokkur**

María Helga Guðmundsdóttir, Þórshamar, 12 stig  
Kristín Magnúsdóttir, Breiðablik, 11 stig  
Ingibjörg Halldórsdóttir, KFR, 11 stig

## ***Bushidomót 1. 2014 - 2015***

Laugardaginn 4.október fór fram Bikarmót unglunga, Bushidomótaröðin, þar sem keppt var bæði í kata og kumite í 5 aldursflokkum. Helstu úrslit voru;

### **Kata barna 12 ára, fædd 2002**

1. Ómar M Hami, Þórshamar
2. Máni Hákonarson, UMFA
3. Matthías Eyfjörð, UMFA
3. Þórður Jökull Henrysson, UMFA

### **Kata 13 ára táninga, fædd 2001**

1. Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir
2. Óttar Finnson, Fjölni
3. Helga Björg Óladóttir, Þórshamar
3. Snorri Beck Magnússon, Breiðablik

### **Kata 14 ára táninga, fædd 2000**

1. Mary Jane Padua Rafael, Víkingur
2. Guðjón Jósefsson, KFR
3. Díana Ýr Reynisdóttir, Breiðablik
3. Guðbjörg H Gunnarsdóttir, Breiðablik

**Kata 15 ára tánínga, fædd 1999**

1. Laufey Lind Sigbórsdóttir, Breiðablik
2. Anna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik
3. Baldur Benediktsson, Breiðablik
3. Matthías B Montazeri, Víkingur

**Kata 16-17 ára unglínga, fædd 1997 – 1998**

1. Bogi Benediktsson, Þórshamar
2. Hólmgeir Gauti Agnarsson, Breiðablik
3. Sigríður Þórdís Pétursdóttir, Fjölnir

**Kumite drengja 12-13 ára, f. 2001-2002 -45kg**

1. Máni Hákonarson, UMFA
2. Ómar Hani, Þórshamar
3. Tómas Gauti Óttarsson, Fylkir
3. Matthías Eyfjörð, UMFA

**Kumite drengja 12-13 ára, f. 2001-2002 +45kg**

1. Hrannar Ingi Arnarson, Fylkir
2. Aron Bjarkason, Þórshamar
3. Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir
3. Óttar Finnsson, Fjölnir

**Kumite pílta 14-15 ára, f. 2000-2001**

1. Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir
2. Þorsteinn Freygarðsson, Fylkir
3. Birkir J Ómarsson, Víkingur
3. Mikael Máni Vidal, Fjölnir

**Kumite pílta 16 og 17 ára fæddir 1998-1997**

1. Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir
2. Máni Karl Guðmundsson, Fylkir
3. Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik
3. Hólmgeir Gauti Agnarsson, Breiðablik

**Kumite telpna 12 og 13 ára, fæddar 2001 – 2002**

1. Iveta Ivanova, Fylkir
2. Lóa Björg Finnsdóttir, Fylkir
3. Móey María Sigbórsdóttir, Breiðablik
3. Freyja Benediktsdóttir, Breiðablik

**Kumite stúlkna 14 og 15 ára, fæddar 2000 – 1999**

1. Lilja Vigdís Davíðsdóttir, Fylkir
2. Hekla Halldórsdóttir, Fylkir
3. Mary Jane Padua Rafael, Víking
3. Katla Halldórsdóttir, Fylkir

**Kumite stúlkna 16 og 17 ára, fæddar 1998-1997**

1. Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir
2. Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir



Karatesamband Íslands  
**Íslandsmeistaramót unglunga í kumite**



19. október fór fram Íslandsmeistaramót unglunga í kumite á Ásvöllum, íþróttahúsi Hauka. Karate deild Fylkis átti mjög góðan dag á unglungamótinu eins og undanfarin ár og stóð uppi sem sigurvegari 8 árið í röð og er því Íslandsmeistari félaga í kumite unglunga. Góð þátttaka var á mótinu, yfir 60 keppendur frá 9 félögum frá aldrinum 12-17 ára. Í elsta aldursflokki pilta, 16-17 ára, vann landsliðsmaðurinn Ólafur Engilbert Árnason, úr Fylki, liðsfélaga sinn Mána Karl Guðmundsson nokkuð örugglega sem og aðra bardaga í dag, en þess má geta að þetta er 5 árið í röð sem Ólafur vinnur Íslandsmeistaratitil í kumite unglunga og er hann á síðasta ári sínu sem unglingur. Sýndi Ólafur margar mjög fallegar tæknir í dag og þá sérstaklega spörk í átt að höfuði sem gefa 3 stig. Einnig urðu Edda Kristín Óttarsdóttir og Þorsteinn Freygarðsson Íslandsmeistarar 4 árið í röð. Þegar heildarstiginn voru talin saman, þá stóð karate deild Fylkis uppi sem sigurvegari með 30 stig, Þórshamar urðu í 2.sæti með 9 stig og Breiðablik og Víkingur í 3-4.sæti með 5 stig. Mótsstjóri var Arnar Þór Björgvinsson og yfirdómari var Helgi Jóhannesson.

Íslandsmeistarar í dag urðu;

Kumite drengja 12 ára, Tómas Gauti Óttarsson, Fylkir

Kumite drengja 13 ára, Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir

Kumite pilta 14 og 15 ára -63kg, Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir

Kumite pilta 14 og 15 ára +63kg, Þorsteinn Freygarðsson, Fylkir

Kumite pilta 16 og 17 ára, Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir

Kumite telpna 12 og 13 ára, Iveta Ivanova, Fylkir

Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54kg, Hekla Halldórsdóttir, Fylkir

Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54kg, Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik

Kumite stúlkna 16 og 17 ára, Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir

## Karatesamband Íslands

Á meðfylgjandi mynd má sjá Íslandsmeistarana frá því í dag, efri röð frá vinstri; Ólafur Engilbert, Ágúst Heiðar, Þorsteinn og Viktor Steinn. Neðri röð frá vinstri; Iveta, Hekla, Tómas Gauti, Arna Katrín og Edda Kristín.

Helstu úrslit voru;

### **Kumite drengja 12 ára.**

1. Tómas Gauti Óttarsson, Fylkir
2. Máni Hrafn Stefánsson, Haukar
3. Óma Mohamed Hani, Þórshamar
3. Gylfi Bergur Konráðsson, Fylkir

### **Kumite drengja 13 ára**

1. Viktor Steinn Sighvatsson, Fjölnir
2. Aron Bjarkason, Þórshamar
3. Skúli Möller, Fylkir
3. Hreiðar Páll Ársælsson, Fylkir

### **Kumite pilta 14 og 15 ára -63kg**

1. Ágúst Heiðar Sveinbjörnsson, Fylkir
2. Aron Anh Kyu Huynh, Víkingur
3. Þorvaldur Aðalsteinsson, Þórshamar
3. Jakob Hermannsson, Fjölnir

### **Kumite pilta 14 og 15 ára +63kg**

1. Þorsteinn Freygarðsson, Fylkir
2. Nói T Ólafsson, Haukar
3. Birkir Ómarsson, Víking

### **Kumite pilta 16 og 17 ára**

1. Ólafur Engilbert Árnason, Fylkir
2. Máni Karl Guðmundsson, Fylkir
3. Aron Breki Heiðarsson, Breiðablik
3. Bogi Benediktsson, Þórshamar

### **Kumite telpna 12 og 13 ára.**

1. Iveta Ivanova, Fylkir
2. Lóa Björg Finnsdóttir, Fylkir
3. Helga Björg Óladóttir, Þórshamar
3. Sigríður Hagalín, KFR

### **Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54kg**

1. Hekla Halldórsdóttir, Fylkir
2. Azia Sól Adamsdóttir, Þórshamar
3. Jóna Gréta Hilmarsdóttir, Þórshamar

### **Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54kg**

1. Arna Katrín Kristinsdóttir, Breiðablik
2. Mary Jane Padua Rafael, Víkingur
3. Laufey Lind Sigþórsdóttir, Breiðablik
3. Lilja Vigdís Davíðsdóttir, Fylkir

### **Kumite stúlkna 16 og 17 ára**

1. Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir

## Karatesamband Íslands

2. Unnur Þórðardóttir, KFR

3. Katrín Ingunn Björnsdóttir, Fylkir

### Heildarstig

Fylkir	30
Þórshamar	9
Breiðablik	5
Víkingur	5
Haukar	4
Fjölnir	4
KFR	3
UMFA	0
Leiknir	0

## Íslandsmótið í kumite fullorðinna

Laugardaginn 22. nóvember fór íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite fram í Fylkisselinu, húsnæði Karatedeildar Fylkis. Keppendur frá 7 félögum voru skráðir til leiks og var þátttakan góð. Margar mjög skarpar viðureignir sáust í dag en heilt yfir þá var maður mótsins án efa Kristján Helgi Carrasco, úr Víking, sem varð þrefaldur Íslandsmeistari þriðja árið í röð. Kristján helgi vann -75kg flokkinn, opna flokk karla og var í sveit Víkings sem sigraði liðakeppni karla, enda fór Kristján Helgi ósigraður frá öllum sínum viðureignum. Þetta er þriðja árið í röð sem Kristján verður þrefaldur íslandsmeistari og sannar það stöðu hans meðal íslenskra karatemanna, þess má geta að Kristján Helgi er einnig Íslandsmeistari í kata karla og Bikarmeistari karla. Telma Rut Frímansdóttir varð svo tvöfaldur íslandsmeistari þegar hún vann bæði opna flokk kvenna fimmta árið í röð og +61kg flokkinn annað árið í röð, enda fór hún eins og Kristján Helgi ósigruð í gegnum mótið, vann alla andstæðinga sína nokkuð örugglega. Þess má geta að Telma Rut er einnig Bikarmeistari kvenna. Í léttari flokki kvenna, -61kg, áttust við landsliðskonurnar og liðsfélagarnir úr Fylki, Edda Kristín Óttarsdóttir og Katrín Ingunn Björnsdóttir, báðar á sínu fyrsta ári á fullorðinsflokki. Það endaði með því að Edda Kristín vann og er því Íslandsmeistari í kumite kvenna -61kg, en fyrir í haust varð hún íslandsmeistari unglinga í kumite.

Í -67kg flokki karla vann Máni Karl Guðmundsson úr Fylki Sindra Pétursson úr Víking. Í -84kg flokki áttu Jóhannes Gauti Óttarsson og Pathipan Kristjánsson að mætast í úrslitum, en Pathipan gat ekki mætt vegna meiðslna sem hann hlaut í fyrri bardögum og endaði því Jóhannes Gauti sem Íslandsmeistari í dag. Í opnum flokki karla áttust við liðsfélagarnir úr Víking Kristján Helgi og Diego Björn Valencia. Sú viðureign var mjög skemmtileg og endaði með sanngjörnum sigri Kristjáns Helga og kórónaði Kristján Helgi daginn sinn með þessum sigri. Í liðakeppni karla voru einungis tvö lið mætt, frá Víking og Fylki þar sem Víkingur vann 4 árið í röð. Þegar öll stig voru talin saman þá stóð Fylkir uppi sem sigurvegari og er því Íslandsmeistari félaga í kumite fullorðinna en Víkingur var í öðru sæti. Yfirdómari mótsins var Helgi Jóhannesson og mótsstjóri var Þrúður Sigurðar.

### Íslandsmeistarar í kumite fullorðinna

Edda Kristín Óttarsdóttir, Fylkir, Kumite kvenna -61kg

Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, Kumite kvenna +61kg

Telma Rut Frímansdóttir, Afturelding, Kumite kvenna opinn flokkur

Máni Karl Guðmundsson, Fylkir, Kumite karla -67kg

Kristján Helgi Carrasco, Víkingur, Kumite karla -75kg

Jóhannes Gauti Óttarsson, Fylkir, Kumite karla -84kg

## Karatesamband Íslands

Kristján Helgi Carrasco, Víkingur, Kumite karla opinn flokkur

Víkingur (Kristján Helgi Carrasco, Diego Valencia, Sindri Pétursson og Sverrir Ólafur Torfason), liðakeppni karla



Hér má sjá Íslandsmeistarana í einstaklingsflokkum, frá vinstri Telma Rut, Kristján Helgi, Máni Karl, Edda Kristín og Jóhannes Gauti.

### Helstu úrslit í dag;

#### Kumite kvenna, -61 kg.

1. Edda Kristín Óttarsdóttir Fylkir
2. Katrín Ingunn Björnsdóttir Fylkir
3. Ingibjörg Halldórsdóttir KFR
3. María Helga Guðmundsdóttir Þórshamar

#### Kumite kvenna, +61 kg

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding
2. Kristín Magnúsdóttir Breiðablik

#### Kumite kvenna, opinn flokkur

1. Telma Rut Frímansdóttir Afturelding
2. María Helga Guðmundsdóttir Þórshamar
3. Ingibjörg Halldórsdóttir KFR

#### Kumite karla, -67 kg

1. Máni Karl Guðmundsson Fylkir
2. Sindri Pétursson Víkingur

### **Kumite karla, -75 kg**

1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
2. Elías Guðni Guðnason Fylkir
3. Sæmundur Ragnarsson Þórshamar
3. Ólafur Engilbert Árnason Fylkir

### **Kumite karla, -84 kg**

1. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir
2. Pathipan Kristjánsson Fjölnir
3. Jón Ingi Þorvaldsson Þórshamar
3. Bogi Benediktsson Þórshamar

### **Kumite karla, opinn flokkur**

1. Kristján Helgi Carrasco Víkingur
2. Diego Valencia Víkingur
3. Sverrir Ólafur Torfason Víkingur
3. Jóhannes Gauti Óttarsson Fylkir

### **Liðakeppni karla**

1. Víkingur A
2. Fylkir A

### **Heildarstig**

Fylkir 19

Víkingur 17

Þórshamar 6

UMFA 6

Breiðablik 2

KFR 2

Fjölnir 2

**KARATEDÓMARAR Á ÍSLANDI.**

Öll dómara réttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ.

**Dómarar með kumite réttindi**

Nafn	Gráða	Félag	Réttindi	Dags tekin / endurnýjuð
Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	<b>EKF Referee-A</b>	06.2012
Gunnlaugur Sigurðsson	4. Dan	Haukar	<b>EKF Judge-B</b>	06.2012
Ólafur Helgi Hreinsson	4. Dan	KFR	<b>Nordic Referee</b>	04.2012
Willem Cornelis Verheul	2. Dan	Fjölnir	<b>Nordic Referee</b>	04.2012
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	<b>Nordic Referee</b>	04.2014
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	<b>Karatedómari</b>	10.2012
Reinharð Reinharðsson	3. Dan	KFR	<b>Karatedómari</b>	10.2012
Guðni Már Egilsson	1. kyu	Fylkir	<b>A - meðdómari</b>	10.2014
Halldór Pálsson	1. Dan	Þórshamar	<b>A - meðdómari</b>	10.2014
Malte Bjarki Mohrmann	1. Dan	Þórshamar	<b>A - meðdómari</b>	10.2012
Ragnar Eyþórsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A - meðdómari</b>	10.2012
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	<b>A - meðdómari</b>	10.2012
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A - meðdómari</b>	10.2010
Birkir Jónsson	2. Dan	Þórshamar	<b>A - meðdómari</b>	04.2010
Brynjar M. Ólafsson	1. Dan	Þórshamar	<b>B – meðdómari</b>	10.2014
Elías Snorrason	2. Dan	KFR	<b>B – meðdómari</b>	10.2014
Davíð Freyr Guðjónsson	1. Dan	Breiðablik	<b>B – meðdómari</b>	03.2014
Heiðar Benediktsson	1. Dan	Breiðablik	<b>B – meðdómari</b>	03.2014
María Helga Guðmundsdóttir	2. Dan	Þórshamar	<b>B – meðdómari</b>	03.2014
Snæbjörn Willemsen Verheul	2. Dan	Fjölnir	<b>B – meðdómari</b>	03.2014
Guðni Hrafn Pétursson	1. Dan	Fylkir	<b>B – meðdómari</b>	03.2013
Hörður Árnason	1. Dan	Fjölnir	<b>B - meðdómari</b>	12.2012
Margeir Stefánsson	1. Dan	Þórshamar	<b>B - meðdómari</b>	12.2012
Kristján Helgi Carrasco	2. Dan	Víkingur	<b>B - meðdómari</b>	10.2012

Karatesamband Íslands

<b>Dómarar með kata réttindi</b>				
<b>Nafn</b>	<b>Gráða</b>	<b>Félag</b>	<b>Réttindi</b>	<b>Dags tekin / endurnýjuð</b>
Helgi Jóhannesson	4. Dan	Breiðablik	<b>EKF Judge-A</b>	05.2013
Gunnlaugur Sigurðsson	4. Dan	Haukar	<b>EKF Judge-A</b>	06.2008
Ólafur Helgi Hreinsson	5. Dan	KFR	<b>Nordic Judge</b>	4.2012
Willem Cornelis Verheul	2. Dan	Fjölnir	<b>Nordic Judge</b>	04.2012
Kristján Ó. Davíðsson	2. Dan	Haukar	<b>Karatedómari</b>	10.2012
Reinharð Reinharðsson	3. Dan	KFR	<b>Karatedómari</b>	01.2010
Pétur Freyr Ragnarsson	1. Dan	Fylkir	<b>Karatedómari</b>	02.2012
Magnús Kr. Eyjólfsson	2. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	02.2013
Sigurbjörn Jónsson	1. Dan	Haukar	<b>A-dómari</b>	02.2013
Aðalheiður Rósa Harðardóttir	2. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	02.2012
Eydís Líndal Finnbogadóttir	2. Dan	KAK	<b>A-dómari</b>	02.2012
Eyþór Ragnarsson	1. Dan	Breiðablik	<b>A-dómari</b>	05.2009
Elías Snorrason	2. Dan	KFR	<b>B-dómari</b>	02.2014
María Helga Guðmundsdóttir	2. Dan	Þórshamar	<b>B-dómari</b>	02.2014
Pétur Rafn Bryde	1. Dan	Víkingur	<b>B-dómari</b>	02.2013
Svana Katla Þorsteinsdóttir	1. Dan	Breiðablik	<b>B-dómari</b>	02.2013
Hörður Ingi Árnason	1. Dan	Fjölnir	<b>B-dómari</b>	02.2013
Snæbjörn Willemsen Verheul	2. Dan	Fjölnir	<b>B-dómari</b>	02.2013
Halldór Pálsson	1. Dan	Þórshamar	<b>B-dómari</b>	02.2012
Guðni Már Egilsson	1. kyu	Fylkir	<b>B-dómari</b>	02.2012
Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	2. Dan	Víkingur	<b>B-dómari</b>	02.2012
Margeir Stefánsson	2. Dan	Þórshamar	<b>B-dómari</b>	02.2012
Kristján Helgi Carrasco	2. Dan	Víkingur	<b>B-dómari</b>	02.2012
Birkir Jónsson	2. Dan	Þórshamar	<b>B-dómari</b>	01.2010

## LÖG KARATESAMBANDS ÍSLANDS.

1. gr. Karatesamband Íslands (KAÍ) er æðsti aðili um öll karatemál innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).
2. gr. Karatesamband Íslands er samband héraðssambanda, sem hafa iðkun karate innan sinna vébanda.
3. gr. Starf KAÍ er í meginatriðum:
  - a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra karatemála.
  - b) Að vinna að eflingu karateíþróttarinnar í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd hennar.
4. gr. Málefnum KAÍ stjórna:
  - a) Karateþing.
  - b) Stjórn KAÍ.
5. gr. Karateþing fer með æðsta vald í málefnum KAÍ. Þingið sitja fulltúar frá þeim aðilum, sem mynda KAÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra iðkenda karate í aðildarfélögum, þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltúar og síðan tveir í viðbót fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í allt að 75 iðkendum og þá 1 fulltúi fyrir næstu 25 eða brot úr 25 upp í 100 iðkendum, en síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50 upp í 200, en síðan 1 fyrir hverja hundrað eða brot úr hundrað upp í 500, en loks 1 fulltrúi fyrir hverja 200 eða brot úr 200 eftir það. Félög, sem ekki hafa skráða iðkendum fá 2 fulltrúa á ársþingi ef vottorð frá viðkomandi héraðssambandi staðfestir að karate sé sannanlega iðkað í félaginu, eða deild ef sams konar vottorð kemur frá félagsstjórninni. Hvert héraðssamband og íþróttabandalag, þar sem stundað er karate, á rétt á einum fulltrúa. Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðara fundarboð. Karateþing er lögmeitt ef löglega er til þess boðað.
6. gr. Á karateþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:
  - a. Stjórn KAÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga.
  - b. Framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - c. Fastráðnir starfsmenn KAÍ og ÍSÍ.
  - d. Fulltrúar karatedómarafélaga.
  - e. Allir nefndarmenn KAÍ.
  - f. Auk þess getur stjórn KAÍ boðið öðrum aðilum þingsetu, ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í félagi sem hefur karateiðkun á stefnuskrá sinni innan héraðssambands er kjörgengur fulltrúi þess á karateþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði.

Þegar langt eða dýrt er að sækja þingið, eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu frá því að sækja þingið, þá má heimila að fulltrúi fari með fleiri en 1 atkvæði, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands sem hann er fulltúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila sem eiga heima þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en



## Karatesamband Íslands

eitt atkvæði, verður að vera skriflegt og vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila. Enginn þingfulltúi getur farið með fleiri en 2 atkvæði.

7. gr. Aukabing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Boðunarfrestur til aukabings skal vera 2 vikur. Fulltrúar á aukabingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukabingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða er hætt störfum af öðrum sökum. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt karateþing.
8. gr. Störf karateþings eru:
  1. Þingsetning.
  2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
  3. Kosnar fastar nefndir:
    - a. Kjörbréfanefnd.
    - b. Fjárlaganefnd.
    - c. Laga- og leikreglnanefnd.
    - d. Allsherjarnefnd.
    - e. Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
  4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
  5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
  6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
  7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
  8. Lagðar fram aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.
  9. Málum og tillögum vísað til nefnda til umfjöllunar.  
- Þ I N G H L É -
  10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
  11. Önnur mál.
  12. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmenn reikninga.
  13. Kjörnir 5 menn í aganefnd og 3 til vara.
  14. Val fulltrúa á Íþróttabing.
  15. Þingslit.

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa. Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið hafa fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr. 3. mgr.).

Ársskýrslu KAÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af þinggerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KAÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9. gr. Stjórn KAÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli þinga. Stjórn KAÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Kjósa skal 3 menn í varastjórn og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

## Karatesamband Íslands

Stjórn KAÍ skal strax að loknu ársþingi skipa eftirtaldar nefndir:

Mótanefnd KAÍ og landsliðsnefnd KAÍ.

Hvor nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum. Stjórn KAÍ skal boða formenn nefnda á stjórnarfund þegar þurfa þykir eða formenn nefnda óska þess. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnar er í Reykjavík. Reikningsár KAÍ miðast við almanaksárið.

10. gr. Starfssvið stjórnar KAÍ er:
  - a) Að framkvæma ályktanir karateþings.
  - b) Að vinna að eflingu karate í landinu.
  - c) Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir karate.
  - d) Að senda sambandsstjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
  - e) Að líta eftir því að lög og leikreglur KAÍ séu haldnar.
  - f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
  - g) Að raða niður og ákveða stað og tíma landsmóta. Það skal KAÍ að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stórnir sérráða (héraðsstjórna) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.
  - h) Að úthluta þeim styrkjum til karate sem KAÍ fær til umráða.
  - i) Að koma fram erlendis fyrir hönd karateíþróttarinnar í landinu.
  - j) Að tilkynna með hæfilegum fyrirvara framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir sínar og ákvarðanir um samskipti við útlönd.
11. gr. Formaður KAÍ boðar stjórnarfund og stjórnar þeim.
12. gr. Héraðssamböndin eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar KAÍ. Þau skulu og senda henni skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánuðar eftir að mótinu lýkur. Ársskýrslur sínar um störf héraðssambands og tölu virkra karatemanna í umdæminu skulu þau senda stjórn KAÍ fyrir 1. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á karateþingi. (sbr. 5. gr.).
13. gr. Dómsmál vegna málaferla KAÍ skulu rekin fyrir dómstólum ÍSÍ.
14. gr. Kærur skulu vera skriflegar og skal kærán eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Sé kærán póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kærán ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KAÍ skulu birtir í staðfestu símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
15. gr. KAÍ skal, í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, vinna að stofnun nýrra sérráða.
16. gr. Stjórn KAÍ hefur frjálstan aðgang að öllum karatemótum og sýningum sem fram fara innan vébanda KAÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssamband sem eru aðilar að sambandinu.
17. gr. Tillögur um að leggja KAÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu karateþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerðinni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja KAÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir KAÍ til varðveislu.
18. gr. Lög þessi öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt þau.  
Lög þessi öðluðust gildi 4. maí 1985 er þau voru samþykkt á Sambandsstjórnarfund

ÍSÍ.

Síðast breytt á 25. Karateþingi, 18. febrúar 2012.

## REGLUGERÐIR

### **REGLUR UM ÍSLANDSMEISTARAMÓT Í KARATE.**

#### **Almennar reglur.**

1. gr. Íslandsmeistaramót í Karate skal vera fimmskipt, Kata og Kumite fullorðinna, Kata og Kumite unglunga og Kata barna. Framkvæmdaraðili skal vera Mótanefnd KAÍ. Ef mótanefnd er ekki skipuð skal formaður KAÍ, varaformaður og gjaldkeri skipa nefndina.
2. gr. Íslandsmeistaramót unglunga í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Íslandsmeistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Íslandsmeistaramót unglunga í Kata. Íslandsmeistaramót unglunga í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót fullorðinna í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögunum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.
4. gr. Þá daga sem Íslandsmeistaramótin fara fram má ekki stofna til annarrar opinberrar karatekeppni.
5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

#### **Starfsfólk.**

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnisritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Ef keppt er á tveimur eða fleiri völlum á móti skal tilnefna yfirdómara og mótsstjóra. Þeir sjá um að framkvæmd móts gangi hratt og vel fyrir sig. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 15. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðsstjóra eða tilnefna dómara. Keppendur á Íslandsmeistaramótum barna- og unglunga skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á

## Karatesamband Íslands

Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótisstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé Íslandsmeistaramót barna eða unglunga mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótisstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

### Keppnin.

7. gr. Í upphafi móts kallar aðaldómari saman aðra dómara, heldur dómarafund og skipar þá í stöður.
8. gr. Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -61 kg.
2. Kumite kvenna, +61 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -60 kg.
5. Kumite karla, -67 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -84 kg.
8. Kumite karla, +84 kg.
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pilta 14 og 15 ára -63 kg\*.
4. Kumite pilta 14 og 15 ára +63 kg\*.
5. Kumite pilta 16 og 17 ára -68 kg\*.
6. Kumite pilta 16 og 17 ára +68 kg\*.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára -54 kg\*.
9. Kumite stúlkna 14 og 15 ára +54 kg\*.
10. Kumite stúlkna 16 og 17 ára -59 kg\*.
11. Kumite stúlkna 16 og 17 ára +59 kg\*.

\* ef fjöldi keppenda leyfir skiptingu.

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata stúlkur 12 ára.
2. Kata stúlkur 13 ára.

## Karatesamband Íslands

3. Kata stúlkur 14 ára.
4. Kata stúlkur 15 ára.
5. Kata stúlkur 16 og 17 ára.
6. Kata piltar 12 ára.
7. Kata piltar 13 ára.
8. Kata piltar 14 ára.
9. Kata piltar 15 ára.
10. Kata piltar 16 og 17 ára.
11. Hópkata táninga 12 og 13 ára.
12. Hópkata táninga 14 og 15 ára.
13. Hópkata táninga 16 og 17 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 8 ára og yngri.
2. Kata barna 9 ára.
3. Kata barna 10 ára.
4. Kata krakka 11 ára.
5. Hópkata krakka 9 ára og yngri.
6. Hópkata krakka 10 ára og 11 ára.

Á meistaramótum barna og unglunga skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 11 ára og yngri en unglíngamótið í fyrir 12 til 17 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokki í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og í liðakeppni í kumite, miða skal við fæðingarár. Tilgreina þarf nöfn þeirra keppenda sem taka þátt í hópkata eða liðakeppni í kumite og í hvaða liði viðkomandi er ef hans þátttökufélag sendir fleiri en eitt lið í viðkomandi grein.

9. gr. Íslandsmeistaraverðlaun skulu vera fyrir 1. sæti, verðlaunagripur eða gylltur peningur, fyrir annað sæti silfurlitaður peningur og það þriðja bronslitaður peningur. Þegar keppt er eftir uppreisnarfyrirkomulagi er ekki keppt um 3ja sæti heldur skal veita tvenn bronsverðlaun. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla. Veitt eru gull, silfur og bronsverðlaun fyrir 1. – 3. sæti. Sigurvegari er sá sem hefur flesta bardagasigra. Ef tveir eða fleiri keppendur hafa sama fjölda sigra er sigurinn þess keppanda sem sigraði innbirgðisviðureign þeirra. Ef enn er jafnt sigrar sá sem hefur skorað flest stig úr bæði sigur- og tapbardögum. Íslandsmeistarar í sveitakeppnum fá auk þess til varðveislu farandbikar í eitt ár. Á meistaramótum barna og unglunga skal verðlauna það félag sem fær flest stig með farandbikar til varðveislu en einnig annan minni áritaðan til eignar.
10. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata mega keppendur í flokkum pilta og stúlkna, 13 ára og yngri, sýna sömu kata aftur. Það sama á við um keppendur á Íslandsmeistaramóti barna í kata. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.
11. gr. Á Íslandsmeistaramótum í kumite skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi, en þó er mótanefnd heimilt að ákveða að láta keppa í riðlum, allir við alla, en það skal þá koma skýrt fram í mótstilkynningu. Ef keppendur eru þrír til fimm, skulu þó allir keppa við

alla. Keppni um þriðja sætið skal hagað þannig að þeir sem töpuðu fyrir þeim sem komast í úrslit keppa um það, þó getur mótanefnd ákveðið að hafa annan hátt á. Sömu reglur gilda um liðakeppnina, nema mótanefnd ákveðið að láta liðin keppa innbyrðis eftir öðrum reglum.

12. gr. Í þeim tilfellum sem mótanefnd getur ákveðið að hafa annan hátt á en um getur hér að ofan eða í alþjóðlegum reglum, þá skal félögunum tilkynnt það í mótstilkynningu eða í síðasta lagi sex dögum fyrir mótið.

### **Kærur, fundir, úrslit & skýrslur.**

13. gr. Mótanefnd skal sjá um að fáanlegar séu skriflegar upplýsingar um úrslit mótsins, í síðasta lagi daginn eftir mótið. Skýrslu um mótið skal senda stjórn KAÍ innan mánaðar eftir að mótinu lýkur.
14. gr. Kærur um framkvæmd móts eða ákvarðanir mótanefndar varðandi mótin, skulu berst mótanefnd í síðasta lagi 48 tímum eftir lok móts. Kærur skulu vera skriflegar. Kærur varðandi atvik, sem eiga sér stað fyrir mót skulu afgreiddar þegar í stað og eigi síðar en sólarhring síðar. Mótanefnd skal jafnóðum taka afstöðu til kæra sem berst á eða fyrir mót og geta varðað úrslit eða lögmæti mótsins. Mótanefnd skal annars taka afstöðu til kæra innan viku frá því að kæra berst. Kæranda skal skýrt frá úrlausn mótanefndar munnlega, en kærandi getur óskað eftir skriflegri niðurstöðu mótanefndar. Niðurstaða í úrlausn mótanefndar skal stuttlega rökstudd, þó er ekki þörf ítarlegs rökstuðnings varðandi kærur sem afstaða er tekin til á mótunum sjálfum, nægir þá oft að vísa til lagaákvæðis. Úrlausnir mótanefndar eru kærnlegar til dómstóls ÍSÍ í viku eftir að kæranda berst vitneskja um niðurstöðu mótanefndar.
15. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samanlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.
16. gr. Kærur varðandi agabrot á mótum skulu berast aganefnd KAÍ. Aðaldómara er skylt að gera skriflega skýrslu um þau agabrot, er hann verður var við og senda aganefnd innan 14 daga frá því að móti lauk. Öðrum dómurum á mótinu er skylt að tilkynna aðaldómara um slík brot, sem þeir verða varir við og skila skýrslu um þau til hans í mótslok. Í skýrslu um agabrot skal tilgreina nafn hins brotlega, félag, stað, tíma og í hverju agabrotið er fólgið, einnig skal nefna vitni ef einhver eru.
17. gr. Ekki má mótmæla dómi við dómara. Ef dómaragjörð virðist brjóta gegn reglunum, hafa formaður viðkomandi félags eða liðstjóri keppanda einir rétt til að mótmæla. Mótmælin verða að berast til Yfirdómara viðkomandi móts. Þegar þar að kemur, mun dómaranefnd KAÍ fara yfir aðstæður sem leiddu til mótmælanna. Eftir að hafa tekið tillit til allra staðreynda sem fyrir liggja munu þeir skila skýrslu til stjórnar KAÍ og viðkomandi aðila.
18. gr. Í úrslitum eftir mót er mótanefnd skylt að birta úrslit móts með stigagjöf félaga, þannig að félag fær 3 stig fyrir 1 sæti, 2 stig fyrir 2 sæti og 1 fyrir 3 sæti. Fyrir liðakeppni í kata og kumite skal reikna tvöföld stig fyrir hvert sæti.

## Karatesamband Íslands

19. gr. Að öðru leiti gilda reglur WKF um Íslandsmeistaramót KAÍ.
20. gr. Ef eitthvert félag óskar þess, þá skal halda fund á næstu dögum eftir mót, þar sem rætt er um úrslit, framkvæmd, kærur og úrbætur mótsins.

### **Félagaskipti.**

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

Samþykkt á 8. Karateþingi 19. mars 1991.  
Síðast breytt af stjórn KAÍ 12. janúar 2012.

## **REGLUR UM FÉLAGSSKIPTI**

### **1. Hlutgengi.**

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum KAÍ er hver sá aðili sem er félagsbundinn í félagi innan KAÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

### **2. Almenn um félagsskipti**

Öll félagsskipti, 14 ára og eldri, skal tilkynna KAÍ skriflega á þar til gert eyðublað. Félagsskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar.

### **3. Framkvæmd félagsskipta**

3.1 Öll félagsskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af KAÍ. **Eyðublað fyrir Félagsskipti** skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagsans/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrr en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti.

3.2 Stjórn KAÍ er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Þegar stjórn KAÍ hefur staðfest félagsskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi. Upplýsingar um félagsskipti skulu birtar á heimsíðu KAÍ þegar þau hafa verið samþykkt.

### **4. Úrskurðar- og umsagnaraðili**

Stjórn KAÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagsskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Samþykkt á karateþingi 22. febrúar 2014

## **REGLUR UM BIKARMÓT Í KARATE.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í einn, tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í tveimur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og opnum flokki karla og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar.



## Karatesamband Íslands

2. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir tvö þriðjusæti og 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Hægt er að keppa bæði í kata og kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
3. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.
4. gr. Hverju þáttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.
5. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.  
Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2013.

## **REGLUR UM GRAND PRIX MÓT Í KARATE.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Árlega skal halda Grand Prix mót KAÍ í kumite og kata. Hvert tímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Grand Prix mótinu skal skipta í einn, tvo, þrjú eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í hverjum hluta mótsins í kata og kumite. Grand Prix mót eru fyrir unglinga 12 til 17 ára og skal miðað við fæðingarár í upphafi keppnistímabils.
2. gr. Á Grand Prix móti í Karate skal keppt í eftirfarandi greinum:
  1. Kumite drengja 12 ára.
  2. Kumite drengja 13 ára.
  3. Kumite pilta 14 ára.
  4. Kumite pilta 15 ára.
  5. Kumite pilta 16 og 17 ára.
  6. Kumite telpna 12 og 13 ára.
  7. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
  8. Kumite stúlkna 16 og 17 ára.
  9. Kata barna 12 ára.
  10. Kata táninga 13 ára.
  11. Kata táninga 14 ára.
  12. Kata táninga 15 ára.
  13. Kata kadetta 16 og 17 ára.
3. gr. Skrá og greiða þarf þáttökugjald fyrir hvern keppanda. Keppendur keppa í sama flokki alla mótaraðina og skal miðað við fæðingarár í upphafi mótaraðar. Skráningu skal vera lokið 7 dögum fyrir mót og skal skrá fæðingarár og þyngd. Mótanefndin getur skipt upp stórum flokkum eða breytt flokkum í þyngdarflokkum innan t.d. tveggja ára.
4. gr. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir

## Karatesamband Íslands

tvö þriðju sæti, 3 stig fyrir að tapa bardaga um þriðja sæti. Ef keppendur eru 3-5 keppa allir við alla og skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 8 stig fyrir annað sæti, 6 stig fyrir þriðja sæti, 5 stig fyrir fjórða sæti og 3 stig fyrir fimmta. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigraður frá móti. Eftir að öllum Grand Prix mótum tímabilsins er lokið skal þremur stigahæstu keppendunum í hverri grein veitt verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok Grand Prix keppinnar vinnur sá er oftast í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.

5. gr. Mótanefnd KAÍ sér um framkvæmd Grand Prix móta KAÍ. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakramóta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
6. gr. Hverju þátttökufélagi er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara með tilskilin réttindi viðurkennd af KAÍ.
7. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.  
Samþykkt af stjórn KAÍ í maí 2013.

## **REGLUR UM KARATEDÓMARA.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Dómaranefnd skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framfar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.
2. gr. Til að öðlast réttindi sem Karatedómari þarf viðkomandi að hafa 1. Dan gráðu eða hærri og að vera orðinn 22 ára og ekki eldri en 65 ára. Dómari í kata og kumite þarf að vera með 1. kyu gráðu eða hærri og orðinn 18 ára. Meðdómari í kata og kumite þarf að vera með 3. kyu gráðu eða hærri og orðinn 16 ára.
3. gr. Öll dómararéttindi gilda í þrjú ár en halda verður þeim við með því að sækja námskeið og dæma reglulega á mótum á vegum KAÍ. Dómarar þurfa að dæma minnst tvisvar á ári og meðdómara einu sinni á ári til að halda kata og kumite réttindum sínum. Dómaranefnd má uppfæra réttindi úr B í A án þess viðkomandi farið í nýtt próf ef hann hefur dæmt reglulega og staðið sig á A-stigi. Til að standast skriflegt próf þarf yfir 90% rétt svör til að ná dómararéttindum og yfir 80% rétt svör til að ná meðdómararéttindum. Einnig þarf að standast verklegt próf að mati dómaranefndar. Kata-dómari þarf einnig að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina algenga keppniskata og grunnkata úr öðrum stíl. Kata-meðdómari þarf að kunna eina algenga keppniskata úr sínum stíl og eina grunnkata úr öðrum stíl.

## **REGLUR UM AGANEFND KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Aganefnd skipa 5 menn kosnir af karateþingi til eins árs í senn og 3 til vara.
2. gr. Verkefni aganefndar er að úrskurða um kærur sem berast skriflega og þau atriði er fram kunna að koma á leikskýrslum dómara um karatemót, bæði mót sem mótanefnd KAÍ skipuleggur og önnur mót sem félög og sambönd innan KAÍ standa fyrir. Aganefnd getur einnig tekið upp mál sem hún telur heyra undir verksvið sitt. Kærur skulu hafa borist innan 14 daga frá umræddu broti annars telst það fyrnt.
3. gr. Aganefnd ber að halda fund innan 2 vikna frá því að kæra berst með sannarlegum hætti til formanns nefndarinnar. Birta skal úrskurð nefndarinnar opinberlega á heimasíðu KAÍ innan 1 mánaðar frá því að úrskurðað hefur verið og hlutaðeigandi hefur verið birtur úrskurðurinn.
4. gr. Úrskurður aganefndar getur fjallað um brot leikmanna, félaga, forystumanna félags, héraðs eða sérráðs.
5. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða leikbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan dóm skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþróttá- og Ólympíusamtaka Íslands.
6. gr. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef sérstök ástæða er til.
7. gr. Brot leikmanna flokkast sem hér segir:
  - 7.1 Óþrúðmannleg hegðun á karatemóti.
  - 7.2 Ódrengilegt atferli og/eða andstætt eðli karate.
  - 7.3 Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um leikmenn, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn - eða sýna þessum aðilum óþrúðmannlega hegðun.
  - 7.4 Að yfirgefa keppnisvöll um stund eða lengur án þess að hafa gildar ástæður.
  - 7.5 Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
8. gr. Viðurlög vegna brota leikmanna flokkast þannig:
  - 8.1 Ef leikmaður hefur gerst brotlegur við eitthvert af atriðum 7.1 - 7.4 án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef leikmaður er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna brota 7.1 - 7.4 án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
  - 8.2 Ef leikmanni er vísað af leikvelli fyrir brot á atriðum 7.1 - 7.4 getur aganefnd refsað honum með leikbanni um ákveðinn tíma og ef um endurtekin brot er að ræða getur leikbannið varað um lengri tíma.
  - 8.3 Ef dómaranefnd hefur vikið leikmanni af keppnisvelli fyrir brot á atriði 7.5 skal honum refsað með leikbanni um lengri tíma. Ef um ítrekun er að ræða skal refsingin þyngd.
  - 8.4 Teljist brotið mjög alvarlegs eðlis gæti refsingin orðið lífstíðarleikbann.
9. gr. Brot félagsliða (eða sveita):

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.

## Karatesamband Íslands

Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni, stigatap, leikbann á öllum liðsmönnum liðsins (sveitarinnar).

10. gr Ef áhorfendur gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum, er heimilt að svipta lið (eða sveit) rétti til að halda áfram eða stigum, ef sannað er að þeir sem óspektunum valda séu félagsmenn liðsins eða áhangendur þess.

Samþykkt á 20. ársþingi KAÍ 3. febrúar 2007

Síðast breytt á 22. ársþingi KAÍ 14.mars 2009

## **REGLUR UM BÚNINGA OG -MERKI KARATESAMBANDS ÍSLANDS.**

### **Almennar reglur.**

1. gr. Landsliðsbúninga Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands. Í landsliðsferðum skal landsliðsfólk klæðast landsliðsbúningi.
2. gr. Keppnisbúninga með Landsliðsmerki Íslands í Karate er eingöngu heimilt að nota á landsliðsæfingum, á landsliðsferðum erlendis og þegar keppt er fyrir Íslands hönd innanlands.
3. gr. Fatnað með merki Karatesambands Íslands er eingöngu heimilt að nota þegar komið er opinberlega fram fyrir hönd Karatesambandsins, innanlands sem erlendis.

Samþykkt af stjórn KAÍ, 18. mars 2011.

## **VERÐLISTI SAMÞYKKTUR AF STJÓRN KAÍ**

Greitt fyrir keppnisdýnur sem eru á staðnum:	10.000 kr
Greitt fyrir keppnisdýnur sem þarf að flytja á mótsstað:	15.000 kr auk flutningskostnaðar
Gjald fyrir kærú á móti:	10.000 kr
Lán á keppnisklukkum, flöggum, osfrv.:	0 kr
Lán á sjúkratösku:	Ekki lánuð
<b>Mótagjöld veturinn 2014 – 2015</b>	<b>Einstakl. – Lið</b>
ÍM Barna	1.500 kr - 2.500 kr
ÍM Unglinga	1.500 kr - 2.500 kr
ÍM Fullorðinna	3.000 kr - 5.000 kr
GrandPrix mót	1.500 kr hvert mót

Bikarmót	2.000 kr hvert mót
<b>Sektir veturinn 2014 - 2015*</b>	
Vantar réttindadómara / aukadómara á mót	10.000 kr / 5.000 kr
Vantar starfsmann á mót	5.000 kr
Vantar yfirlíðstjóra á mót	5.000 kr
Kæra inn keppanda á mót	5.000 kr

**\* Sektir verða þó aldrei meiri en fimmföld mótagjöld félags**

### **Þátttökukostnaður keppanda á erlendri grundu**

Karatesambandið hefur gert breytingu á þátttöku keppanda í kostnaði vegna móta. Þetta er gert til að nýta fjármagn landsliðsins sem best og gefa fleirum tækifæri. Breytingin er svohljóðandi: við fyrsta mót greiðir keppandi 70 þúsund, við annað mót 50 þúsund og á næstu mótum eftir það 30 þúsund og miðast tímabilið við 1. janúar til 31. desember hvert ár.

**\* Dæmi 1:** Keppandi A tekur þátt í Karate1 í París, EM í Tyrklandi, Karate1 í Þýskalandi, Karate1 í Austurríki. Þá er kostnaður keppanda 70 þúsund vegna París, 50 þúsund vegna Tyrklands, 30 þúsund vegna Þýskalands og 30 þúsund vegna Austurríkis, eða alls 170 þúsund krónur árið 2015.

**\* Dæmi 2:** Keppandi B tekur þátt EM U21 í Sviss og Smáþjóðamóti á Kýpur. Þá er kostnaður 70 þúsund vegna Sviss og 50 þúsund vegna Kýpur, eða alls 120 þúsund krónur árið 2015.

*Flestir keppendur hafa aðgang að styrkjum frá héraðssamböndum eins og ÍBR og félagi sínu og ættu því hæglega að geta lækkað hlut sinn um 30-50 þúsund krónur við hvert mót.*

Samþykkt af stjórn KAÍ í janúar 2015.

## REKSTRARREIKNINGUR KAÍ 1/1-31/12 2014

Tekjur	Skýring	1/1-31/12/14	1/1-31/12/13	breyting %
11000	Framlög og styrkir	8.747.350	7.700.757	13,6%
15000	Tekjur af mótum	1.516.500	1.199.380	26,4%
22000	Árgjöld aðildarfélaga	815.100	480.400	69,7%
29000	Aðrar tekjur	100.000	50.000	-100,0%
<b>Tekjur alls</b>		<b>11.178.950</b>	<b>9.430.537</b>	<b>18,5%</b>
<b>Gjöld</b>				
31000	Laun og verktakagreiðslur	1.352.000	1.146.652	17,9%
37000	Áhöld og tæki	229.000	168.116	36,2%
41000	Ferðakostn. Innanlands	118.700	71.884	65,1%
42000	Ferðakostn. erlendis	6.981.532	4.912.214	42,1%
43000	Annar þátttökukostn.			
45000	Kostnaður við mótahald	1.044.033	935.621	11,6%
48000	Skrifstofuleiga hjá ÍSí	162.564	162.564	0,0%
53000	Rekstur skrifstofu	908.410	708.932	28,1%
56000	Kynning, fræðsla og útbreiðsla	0	0	
57000	Dómarmál	848.784	822.141	3,2%
65000	Önnur gjöld	8.580	7.225	18,8%
70000	Erlend samskipti	308.721	387.587	-20,3%
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>11.962.324</b>	<b>9.322.936</b>	<b>28,3%</b>
Hagnaður/Tap f. afskriftir		<b>-783.374</b>	<b>107.601</b>	<b>-828,0%</b>
Fjármagnstekjur		27.971	20.281	37,9%
<b>Afskriftir alls</b>				
Hagnaður/Tap		<b>-755.403</b>	<b>127.882</b>	<b>-690,7%</b>

Reikning þennan hef ég samið eftir hjálögðum gögnum ársins 2014  
Reykjavík, 15. febrúar 2015

Reinhard Reinhardsson, formaður KAÍ

### Skýringar við rekstrarreikning

1 Tekjur af mótum og æfingabúðum	
RIG	207.000
ÍM-Barna	234.000
UM-Kata	207.500
ÍM-Kata	92.500
Grand Prix	89.000
UM-Kumite	91.000
ÍM-Kumite	100.000
Bikarmót	88.000
Æfingar - Biamonte	177.000
Æfingar - Otto	202.000

Karatesamband Íslands

Annað	28.500
	<b>1.516.500</b>
<i>1 Kostnaður við mót</i>	
Verðlaun	372.340
Dýnur	169.540
Akstur	120.470
Matur	26.367
Læknir	110.387
RIG	244.929
Annað	
	<b>1.044.033</b>
<i>2 Laun</i>	
Landsliðsþjálfarar	717.000
A. Biamonte	320.000
W. Otto	315.000
	<b>1.352.000</b>
<i>3 Áhöld og tæki</i>	
Landsliðsbúningar	229.000
	<b>229.000</b>
<i>4 Ferðir erlendis og innanlands</i>	
Flug	4.567.606
Gisting	1.519.142
Uppihald	494.150
Þátttökugjöld	140.835
Akstur	203.799
Annað	56.000
	<b>6.981.532</b>
<i>5 Skrifstofa</i>	
Skrifstofuleiga ÍSÍ	162.564
Veitingar	535.019
Myndavél og prentari	118.792
Tölvukostnaður	254.599
Skrifstofa	
	<b>1.070.974</b>
<i>6 Kynning, fræðsla, útbreyðsla</i>	
Dómaranámskeið	40.000
Dómaranáam	808.784
	<b>848.784</b>
<i>7 Önnur gjöld</i>	
Bankakostnaður	8.580
	<b>8.580</b>
<i>8 Erlend samskipti</i>	
WKF	167.024
EKF	141.697
NKF	
	<b>308.721</b>

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31/12/2014**

EIGNIR	31.12.2014
87000 Inneign hjá ÍSí	997.710
87000 Skuldir félaga	112.800
<i>Skammtímakröfur alls</i>	<b>1.110.510</b>
88000 <i>Handbært fé</i>	
88210 Tékkareikningur 0515-26-5103	312.157
88220 Sparireikningur 0515-14-104863	276.397
88230 Mastercard	48.819
<i>Handbært fé alls</i>	<b>637.373</b>
<b>89999 Eignir alls</b>	<b>1.747.883</b>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>	
91000 Eigið fé 31/12/13	1.477.498
Skammtímakröfur	1.025.788
Hagnaður/tap	<b>-755.403</b>
Eigið fé 31/12/14	1.747.883
92003 Viðskiptaskuldir	
<b>99999 Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>1.747.883</b>

Við kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið ársreikning Karatesambands Íslands (KAÍ) og ekkert fundið athugavert og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík 15. febrúar 2015

Indriði Jónsson

Agnar Helgason

